

2025

**STYTTTRI TILKYNNING UM SAMRUNA ORKUNNAR IS EHF. OG
SAMKAUPA HF.**

SAMRUNASKRÁ

Skrá þessi er tekin saman af BBA Fjeldco ehf. fyrir hönd Orkunnar IS ehf. vegna fyrirhugaðra kaupa félagsins á a.m.k. 90% af öllu útgefnu hlutafé Samkaupa hf. Skráin er tekin saman í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum (hér eftir „**skl.**“ eða „**samkeppnislög**“) og reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Óskað er eftir því að farið verði með upplýsingar sem auðkenndar eru með hornklofa og fylgiskjöl (þ.m.t. hjálagðan kaupsamning og önnur trúnaðarmerkt fylgiskjöl) sem trúnaðarmál sbr. 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, hvort sem er á milli samrunaaðila sjálfra eða út á við, vegna viðskiptalegs eðlis þeirra og hagsmuna aðila. Þá er jafnframt sent meðfylgjandi afrit án trúnaðarupplýsinga. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini og birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliður þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

Allar upplýsingar sem veittar eru í skrá þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

EFNISYFIRLIT

1	Stutt lýsing samruna	1
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	1
3	Upplýsingar um samrunann.....	1
4	Samrunaaðilar	5
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	8
6	Skilgreiningar á mörkuðum	10
7	Samkeppnisleg áhrif samruna.....	19
8	Heimild til styttri tilkynningar	27
9	Fylgiskjöl.....	28
10	Yfirlýsing.....	30

1 STUTT LÝSING SAMRUNA

1. Samrunatilkynning þessi varðar fyrirhugaðan samruna Orkunnar IS ehf. og Samkaupa hf. Snemma árs 2024 óskaði SKEL fjárfestingarfélag hf., kt. 590269-1749, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík („**SKEL**“) eftir könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og tiltekinna dótturfélaga SKEL, nánar tiltekið Heimkaupa ehf., kt. 430910-0190, Hagasmára 1, 201 Kópavogi (nú Atalaga ehf.), og Orkunnar IS ehf., ásamt dótturfélögum („**viðskiptin**“).
2. Brugðið var frá ofangreindum áforum og komust stjórnir Samkaupa og Atlögu ehf. að samkomulagi um að sameina Samkaup og Heimkaup, án Orkunnar, Lyfjavals og Löðurs, með félagaréttarlegum samruna með þeim hætti að Heimkaupum verði slitið án skuldaskila og algerlega sameinað Samkaupum (samruni með yfirtöku) undir nafni og kennitölu Samkaupa, sbr. 119. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög („**lög um hlutafélög**“ eða „**hfl.**“) og 94. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög („**lög um einkahlutafélög**“ eða „**ehfl.**“).
3. Þann 11. apríl 2025 tilkynnti Samkeppniseftirlitið Samkaupum hf. og Atlögu ehf. að það teldi ekki vera tilefni til frekari rannsóknar eða íhlutunar vegna samrunans og þar með lauk rannsókn málsins á fyrsta fasa. Samkaup hefur verið að glíma við fjárhagslegar áskoranir undanfarin misseri. Leituðu því stjórnendur hjá Kaupfélagi Suðurnesja til SKEL til þess að ræða mögulega sameiningu Orkunnar og Samkaupa til þess að tryggja rekstrargrundvöll Samkaupa til framtíðar.
4. Viðræður aðila leiddu til þess að Kaupfélag Suðurnesja (svf.), kt. 680169-1019, Krossmóa 4a, 260 Reykjanesbæ („**KSK**“), og Orkan undirrituðu kaupsamning þann 22. maí 2025 þar sem Orkan, sem kaupandi, hefur skuldbundið sig til að kaupa öll hlutabréf KSK í Samkaupum, með þeim fyrirvörum og skilmálum sem fram koma í kaupsamningnum, sbr. fylgiskjal 1a.
5. Markmið samrunans er að auka hagkvæmni, styrkja markaðshlutdeild og skapa sterkari keppinaut á dagvörumarkaði.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAADILA

2.1 Aðilar samrunans

6. Aðilar samrunans eru eftirfarandi:
 - 1) **Orkan IS ehf.**, kt. 680319-0730, Fellsmúla 28, 108 Reykjavík („**Orkan**“);
 - 2) **Samkaup hf.**, kt. 571298-3769, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ („**Samkaup**“); og
7. Saman kann að vera vísað til Orkunnar og Samkaupa sem „**aðila**“ eða „**samrunaaðila**“.

2.2 Tengiliður

8. Tengiliður samrunaaðila gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er:

Brynjar Freyr Garðarsson
Katrínartúni 2, 19. hæð, 105 Reykjavík
550-0535 // 893-4466
brynjar@bbafjeldco.is

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Upplýsingar um aðdraganda samrunans

9. Snemma árs 2024 óskaði SKEL eftir könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og tiltekinna dótturfélaga SKEL (sem nú er samstæða Heimkaupa). Samkaup og SKEL undirrituðu viljayfirlýsingu um sameiningu, dags. 15. maí 2024 og hófu í kjölfarið framkvæmd fjárhagslegra, skattalegra og lögfræðilegra áreiðanleikakannana hvort á öðru, sem lauk þann 3. júlí 2024. Ákveðið var af hálfu samrunaaðila að falla endanlega frá samrunaviðræðum þann 30. október 2024 en samrunaaðilar hófu samrunaviðræður á ný í lok árs 2024 með breyttu sniði um mögulega sameiningu Samkaupa og Heimkaupa, án Orkunnar, Lyfjavals og Löðurs, og undirrituðu samrunaaðilar samkomulag um helstu skilmála þess efnis þann 12. desember 2024. Þann 11. apríl 2025 samþykkti Samkeppniseftirlitið samruna Samkaupa hf. og Atlögu hf. (Heimkaupa) en félagaréttarlegur samruni hefur ekki farið fram eins og að neðan greinir.
10. Eins og áður segir hefur Samkaupa glímt við fjárhagslegar áskoranir undanfarin misseri. KSK leitaði til SKEL vegna bágrar fjárhagstöðu félagsins og viðræður leiddu til þess að KSK, stærsti hluthafi Samkaupa, og Orkan, undirrituðu kaupsamning þann 22. maí sl. þar sem Orkan, sem kaupandi, hefur skuldbundið sig til að kaupa öll hlutabréf KSK og annarra hluthafa í Samkaupum, með þeim fyrirvörum sem fram koma í kaupsamningunum, sem eru fylgiskjal með samrunaskrá þessari.
11. Það er fyrirhugað að samstæða Samkaupa verði endurskipulögð þannig að [...]¹
12. Gagngjald í kaupum Orkunnar á hlutafé meirihluta hluthafa í Orkunni er greitt með afhendingu á nýjum hlutabréfum í sameinuðu félagi sem nemur kaupverðinu í hverju tilviki fyrir sig. Virði Orkunnar, að meðtöldum eignarhlut félagsins í Lyfjaval og Samkaupum (að teknu tilliti til samrunans), er kr. 12.859.508.076 kr., sem samsvarar 9.492 á hvern hlut í Orkunni.
13. Á dagsetningu þessarar samrunatilkynningar eru eftirfarandi efnisleg skilyrði útistandandi en staða hvers skilyrðis er nánar útlistað hér að neðan:
 - a. Að Samkeppniseftirlitið hafi ekki ógilt samrunann eða sett íþyngjandi skilyrði að mati samrunaaðila, sbr. V. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005. **Staða:** Uppfyllt við lok rannsóknar.
 - b. [...]²
 - c. [...]³
 - d. [...]⁴
 - e. [...]⁵
14. Ofangreind skilyrði hafa ekki verið uppfyllt á dagsetningu þessarar samrunatilkynningar en samrunaaðilar eru að vinna í því að skilyrðin verði uppfyllt, líkt og nánar er kveðið á um hér að ofan.
15. Fyrirhugað er að hlutabréf sameinaðs félags verði tekin til viðskipta á aðalmarkað Nasdaq

¹ Trúnaðarmál.

² Trúnaðarmál.

³ Trúnaðarmál.

⁴ Trúnaðarmál.

⁵ Trúnaðarmál.

Iceland innan 18 mánaða frá því að samruninn kemur til framkvæmda.

3.2 Upplýsingar um tilgang og markmið samrunans

16. Tilgangur samrunans er að efla rekstur samrunaaðila og hámarka skilvirkni, m.a. með öflugri innkaupum sem gerir samrunaaðilum kleift að bjóða betur í verðum og þjónustu. Þar með eykst samkeppni á mikilvægum mörkuðum, en samrunaaðilar telja að í samrunanum felist mikil tækifæri til að bæta rekstur og skerpa á samkeppnishæfni á viðeigandi mörkuðum. Stærri samstæða réttlætir fjárfestingar á borð við miðlægt vöruhús sem eflir innkaup, bætir rekstrarhagkvæmni, minnkar sóun og eykur flutningsnýtingu.
17. Á dagvörumarkaði eru í dag tvær mjög öflugar samstæður sem keppast við að auka samkeppnisforskot sitt og hefur ætlunarverkið gengið vel að mati samrunaaðila. Samstæðurnar búa yfir gífurlegri stærðarhagkvæmni og hafa með slíkri hagkvæmni náð að leggja mikið fjármagn í aukna skilvirkni í rekstri. Þar að auki hefur mikið fjármagn verið nýtt til þess að setja upp mikinn fjölda verslana og þar með útiloka aðra keppinauta frá staðsetningum (e. „*space blocking*“). Sameinað félag stefnir að því að verða öflugur keppinautur við Festi og Haga á dagvörumarkaði og í því skyni má gera ráð fyrir að horft verði til þess hvaða vörumerki samrunaaðila henti hvaða staðsetningu hverju sinni.
18. Samrunaaðilar telja samrunann jákvæðan fyrir samkeppni þar sem hann gerir þeim kleift að veita stóru aðilunum á markaði aukinn samkeppnisþrýsting, sem leiðir til lægri vöruverðs og meiri hagræðingar í rekstri. Samstæðurnar tvær reka báðar bensínstöðvar, þ.e. Olís ehf. annars vegar og N1 ehf. hins vegar, og þá rekur önnur þeirra, Festi hf., einnig apótek.

19. [...]⁶

20. [...]⁷

3.3 Eðli samrunans

21. Með samrunanum mun Orkan sem kaupandi og KSK, og aðrir hluthafar í Samkaupum, sem seljendur, selja hlutafé fyrir a.m.k. 90% í Samkaupum. Kaupverðið verður greitt með afhendingu á nýju hlutafé í Orkunni. Verðmæti hlutabréfa Orkunnar við uppgjör viðskiptanna verður 10.699 m.kr. og miðast við bókfært virði félagsins í ársreikningi SKEL um síðustu áramót. Orkan á jafnframt um 81% hlut í Lyfjavali sem er bókfærður á 1.928 m.kr. og einnig hlut í Samkaupum, vegna sameiningar Atlögu ehf. og Samkaupa, sem metinn er á um 545 m.kr. í viðskiptunum.
22. Samningur aðila gerir ráð fyrir að samstæða félaganna verði mynduð með sambærilegu sniði og skráð smásölufyrirtæki hérlandis. Samstæðan mun í upphafi starfa á sviði matvöru, orku, bílþvottar og lyfsölu og verða sviðin rekin á samstæðugrunni. Verði viðskiptin að veruleika eru aðilar sammála um að vinna í sameiningu að því að Samkaup nái vopnum sínum og vaxi á neytendamarkaði, bæði með innri og ytri vexti, og að í framhaldinu skuli stefnt að skráningu allra hluta móðurfélags samstæðunnar á skipulegan markað í Kauphöll á Íslandi fyrir árslok 2027.
23. Eftir uppgjör viðskiptanna og fyrirhugaða hlutafjárauðningu verður hlutur SKEL í móðurfélagi samstæðunnar um 63% og áætlað virði eignarhlutar SKEL um 13.500 m.kr. Öðrum hluthöfum Lyfjavalis verður gert tilboð um að ganga inn í viðskiptin á sömu skilmálum og ofangreind viðskipti, sem og öllum öðrum hluthöfum Samkaupa, eftir að skilyrðin eru uppfyllt.

⁶ Trúnaðarmál.

⁷ Trúnaðarmál.

24. Áætlað er að fyrirhugaður samruni komi til framkvæmda þegar fullnægjandi samþykki hefur fengist frá Samkeppniseftirlitinu. Aðilar hyggjast óska eftir heimild frá Samkeppniseftirlitinu til að framkvæma samrunann á meðan samrunamálið er til rannsóknar. [...] ⁸

3.3.1 Eignarhald og yfirráð eftir samruna

25. Hluthafar Samkaupa fá einvörðungu afhenta hluti í Orkunni gegn afhendingu á hlutum í Heimkaupum. Þannig mun hluthafahópur Samkaupa taka breytingum í kjölfar samrunans og verða þeir hluthafar í Orkunni eða eftir atvikum nýju eignarhaldsfélagi fyrir samstæðuna, ef að fyrirhuguðum samruna verður.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

26. Þeir atvinnuvegir sem samruninn nær til samkvæmt ÍSAT skráningu samrunaaðila og dótturfélaga þeirra eru einna helst:
- a. Stórmarkaðir og matvöruverslanir, ÍSAT nr. 47.11.1 (Samkaup)
 - b. Smásala póstverslana eða um netið, ÍSAT nr. 47.91.0 (Samkaup)
 - c. Heildverslun með drykkjarvörur, ÍSAT nr. 46.34.0 (Samkaup)
 - d. Bensínstöðvar, ÍSAT nr. 47.30.0 (Orkan IS)
 - e. Leiga atvinnuhúsnæðis, ÍSAT nr. 68.20.2 (Orkan IS)
 - f. Heildverslun með lyf og lækningavörur, ÍSAT nr. 46.46.0 (Lyfjaval)
 - g. Bón- og þvottastöðvar, ÍSAT nr. 45.20.4 (Löður)
27. Nánar verður fjallað um þá atvinnuvegi sem viðskiptin varða í kafla 6 þessarar samrunaskrár.

3.5 Velta

28. Neðangreindar veltutölur eru fengnar úr ársreikningum samrunaaðila og samstæðufélaga þeirra. Endurskoðaðir ársreikningar fyrir árin 2024 (að því marki sem þeir hafa verið birtir), 2023 og 2022 eru fylgiskjöl með samrunaskrá þessari. Samrunaaðilar veita fúslega frekari upplýsingar um veltu sé þess óskað.

3.5.1 Velta Samkaupa

29. Heildarvelta Samkaupa var kr. 41.557.750.000 árið 2024 (fylgiskjal 2a).
30. Heildarvelta Samkaupa var kr. 42.340.958.000 árið 2023 (fylgiskjal 2b).

3.5.2 Velta Orkunnar og tengdra aðila

31. Heildarvelta Orkunnar var kr. 23.406.636.000 árið 2024 (fylgiskjal 2m).
32. Heildarvelta Lyfjaval var kr. 3.805.544.000 árið 2024 (fylgiskjal 2n).

3.6 Ávinningur samruna

33. Samrunaaðilar fengu Deloitte ehf. og Fossa fjárfestingarbanka hf. til þess að leggja mat á möguleg samlegðaráhrif fyrirhugaðs samruna árið 2024. Niðurstaðan var að áætluð

⁸ Trúnaðarmál.

samlegðaráhrif fyrirhugaðs samruna geti numið allt á bilinu [...] ⁹

34. Samlegðaráhrif felast m.a. í því að hægt verði lækka kostnaðarverð á matvöru, líkt og fjallað var um í tengslum við samruna Atlögu og Samkaupa. Einnig sjá samrunaaðilar fram á samlegðaráhrif í stjórnendakostnaði. Með sameiningu samrunaaðila er gengið út frá því að þessi kostnaður lækki töluvert.
35. Horft er til þess að hægt verði að ná fram hagræðingu í ýmsum kostnaði með sameiningu samrunaaðila. Ber þar helst að nefna fækkun í yfirstjórn, fækkun vörumerkja, samnýtingu og samlegð í aðkeyptri þjónustu og betri nýtingu á starfsfólki á milli fyrirtækja og móðurfélags.
36. Má hér einnig meðal annars nefna ótal tækifæri sem felast í að samnýta núverandi og framtíðar staðsetningar Samkaupa og Orkunnar en saman eru þessi félög staðsett í yfir 60 bæjarfélögum víða um land. Þá eru talsverð tækifæri fyrir Lyfjaval, sem hefur verið að efla samkeppni á lyfjamarkaði, að vaxa hratt og auka hlutdeild sína enn frekar á lyfjamarkaði með því að opna útibú í völdum verslunum Samkaupa. Þá er hægt að nýta dreifinet Samkaupa til að efla afhendingu á vörum í gegnum netverslanir.
37. Samkaup reka stærsta og mest nýtta vildarkerfi á dagvörumarkaði, og með fjölda viðskiptavina á póstlista undir merkjum Heimkaupa, og mikið magn Orkulykla eru í notkun. Mikil tækifæri eru því í að þróa fjölnota vildarkerfi þar sem viðskiptavinir njóta góðs af viðskiptum við fyrirtæki innan samstæðu. Með nýjum og öflugri keppinaut á dagvörumarkaði, sem öðlast getu til að stunda eigin innflutning og reka eigin vöruhúsastarfsemi, er hægt að veita turnunum tveimur, Högum og Festi, verulegt samkeppnisaðhald sem samrunaaðilar telja að sé ekki til staðar í gildandi umhverfi á dagvörumarkaði. Birgðaumsýsla og vörudreifing verður með betri kjörum til hagsbóta fyrir viðskiptavinum og neytendum og vöruflæði eykst, eins og nánar verður rakið í kafla 7.3 í samrunaskrá þessari.

4 SAMRUNAAÐILAR

4.1 Samkaup

38. Samkaup reka 60 smásöluverslanir víðsvegar um landið, allt frá lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum til þægindavöruverslana. Hjá félaginu starfa um 1.300 starfsmenn í rúmlega 640 stöðugildum. Skráður tilgangur Samkaupa er rekstur almennra dagvöru- og smásöluverslana og annað sem þeirra starfsemi tilheyrir. Fjöldi hluthafa er 103, sbr. fylgiskjal 3.
39. Samkaup reka matvöruverslanir undir vörumerkjum Nettó, Krambúðin, Kjörbúðin og Iceland. Samkaup eiga og reka eitt stærsta vildarkerfi á dagvörumarkaði með um 90.000 meðlimi, svokallaða Vildarvini.¹⁰ Samrunaaðilar vísa í samrunatilkynningu vegna samruna Atlögu og Samkaupa um nánari upplýsingar um starfsemi Samkaupa.

4.1.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir Samkaupum með beinum eða óbeinum hætti

40. Fyrir viðskiptin eru Samkaup að 51,31% hluta í eigu Kaupfélags Suðurnesja svf. Aðrir stærri hluthafar eru Birta lífeyrissjóður (18,09%), Kaupfélag Borgfirðinga svf. (9,69%), Festa – lífeyrissjóður (10,00%), Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf. (6,19%) og Byggðastofnun (2,50%). Aðrir minni hluthafar eiga á bilinu >0% til 1% hlutfjár, sbr. fylgiskjal 3.

⁹ Trúnaðarmál.

¹⁰ Sjá meðal annars umfjöllun Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/gunnar-egill-haettir-sem-forstjori-samkaupa/>

4.1.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum Samkaupa eða tengdra aðila

41. Samkaup fer með meirihlutaeigu og bein yfirráð í nýstofnaða félaginu Eldum Gott ehf., kt. 641123-0640, Kvíslartungu 60, 270 Mosfellsbæ. Markmið félagsins er að þróa og breikka vörulínu Samkaupa með áherslu á tilbúna rétti, sem hægt er að füllelda heima, og aðrar tilbúnar vörur.¹¹ [...] ¹² Stærsta vörulína Eldum Gott ehf. eru réttir undir merkjunum Mamma mia, sem eru foreldaðir réttir með áherslu á heimilislegan mat ætlaðan fjölskyldum sem leita að fljótlegum og einföldum mat.¹³
42. Hér að neðan má sjá félög sem Kaupfélag Suðurnesja svf. hefur bein og/eða óbein yfirráð yfir:
 - a. Samkaup hf.
 - b. KSK eignir ehf.
 - c. Fagurey ehf.

4.2 Orkan og tengdir aðilar

43. Orkan er dótturfélag SKEL, en SKEL er fjárfestingarfélag skráð á aðalmarkað Nasdaq Nordic Iceland, sem leggur áherslu á þróun nýrra tækifæra með félögum í fjölbreyttu eignasafni. Þá stundar félagið lána- og fjárfestingastarfsemi og sinnir öðrum atvinnurekstri eða tekur þátt í honum samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Skráður tilgangur félagsins er að starfa sem fjárfestingafélag, þ.e. að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með fjárfestingum. Eignarhald SKEL er dreift en fjöldi hluthafa voru 881 í lok árs 2024. Stærsti hluthafi SKEL er Strengur hf. með 51,6% eignarhlut. Aðrir hluthafar eiga allir minna en 10% í félaginu. Hægt er að nálgast yfirlit yfir 20 stærstu hluthafa á vefsíðu SKEL. Listinn er uppfærður reglulega.¹⁴
44. Orkan rekur 73 fjölorkustöðvar víðsvegar um landið, þar af 26 stöðvar á höfuðborgarsvæðinu og 46 stöðvar á landsbyggðinni. Orkan býður upp á 9 rafhleðslustöðvar, 2 vetnisstöðvar og 1 metanstöð. Á þremur eldsneytisstöðvum Orkunnar rekur Heimkaup verslanir/söluturna með takmarkað úrval af dagvöru. Tvær þeirra á höfuðborgarsvæðinu og ein í Reykjanesbæ. Á öðrum Orkustaðsetningum leigja ýmist tengdir eða aðrir ótengdir aðilar lóðir og reka þar verslanir og þjónustu. Orkan gerir annars vegar svokallaða útsölumannasamninga, þar sem þriðji aðili tekur að sér rekstur verslunar/eldsneytisstöðvar á lóðum Orkunnar (t.d. Baulan) og hins vegar aðstöðusamninga þar sem veitingasölumenn fá aðstöðu inn á eldsneytisstöðvum til að selja vörur (t.d. Sbarro og Bæjarins bestu).
45. **Löður**, bílapvottastöð, er í eigu Orkunnar. Undir merkjum Löðurs eru reknar 12 bílapvottastöðvar. Stöðvar Löðurs eru ýmist svampstöðvar, snertilausar stöðvar eða sjálfsafgreiðslustöðvar en einungis fimm stöðvanna eru mannaðar¹⁵. Bílapvottastöðvar Löðurs eru í Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum og á höfuðborgarsvæðinu.
46. Að lokum á Orkan allt hlutafé í **Lyfjaval ehf.**, kt. 580713-1140, Álfheimum 74, 104 Reykjavík. Lyfjaval rekur átta apótek, þar af fimm með bílalúgu, og netverslun. Sex apótekanna eru á

¹¹ Sjá umfjöllun á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/sigmar-og-samkaup-stofna-eldum-gott/>

¹² Trúnaðarmál.

¹³ Sjá nánar á heimasíðu Mamma mia: <https://www.mammamia.is/>

¹⁴ Sjá hér: <https://skel.is/hluthafar/staerstu-hluthafar>

¹⁵ Að Fiskislóð, Fitjum, Dalvegi, Vesturlandsvegi og Einhelli.

höfuðborgarsvæðinu, eitt er staðsett í Reykjanesbæ og annað á Selfossi. Boðið er upp á sólarhringsopnun í bílaapóteki Lyfjavalis í Hæðasmára 4, 201 Kópavogi.

4.2.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir Orkunni með beinum eða óbeinum hætti

47. Fyrir viðskiptin er Orkan 100% í eigu SKEL.

4.2.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum Orkunnar eða tengdra aðila

48. Hér að neðan má sjá rekstrarfélög sem SKEL hefur bein og/eða óbein yfirráð yfir¹⁶:

Félag	Kennitala	Eignarhlutdeild	Starfssvið/markaður
Orkan IS ehf.	680319-0730	100% (bein) ¹⁷	Orkan rekur 73 eldsneytisstöðvar auk þess að selja vetni, metan og bjóða rafhleðslu
Blær - Íslenska vetnisfélagið ehf.	570715-0700	50% (óbein í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í sölu á iðnaðargasi (vetni).
Brauð og co ehf.	620615-1370	38,4% eignarhlutdeild (bein)	Starfsemi félagsins felst í veitingarekstri á bakaríinu Brauð og Co.
Vegsauki ehf.	560506-2280	50% (óbein í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í rekstri fasteigna, lánastarfsemi og tengdum rekstri.
Straumlind ehf.	480920-0150	34% eignarhlutdeild (óbeint í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í raforkusölu.
EBK ehf.	460406-0210	25% eignarhlutdeild (óbeint í gegnum Gallon)	Starfsemi félagsins felst í rekstri birgðastöðvar fyrir flugeldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
Clippers ehf.	671204-4410	22,8% eignarhlutdeild (óbeint í gegnum Atlögu)	Starfsemi félagsins felst í veitingarekstri á veitingastaðnum Sbarro.
Atlaga ehf.	430910-0190	71% (óbein í gegnum Orkuna)	Atlaga (áður Heimkaup) selur matvöru á netinu og rekur netverslun undir merkjum Heimkaupa auk nýu verslana undir

¹⁶ Félagið Löður ehf., kt. 580912-0280, var afskráð hinn 15. janúar 2025 og fer Orkan IS ehf. með rekstur Löðurs. Þá seldi SKEL 15,4% af því sem nemur útgefnu hlutafé í Styrkás samkvæmt Kauphallartilkynningu hinn 6. júní 2025: https://keldan.is/Tilkynningar/GNW3095421_is

¹⁷ Eftir endurskipulagninguna verður þetta óbein eignarhlutdeild og innan við 100%

			merkjum Prís, 10-11, Extra og Orkunnar.
Lyfjaval ehf.	580713-1140	100% (óbein í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í lyfsölu og rekur félagið 7 apótek á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
Gallon ehf.	630921-2280	100% (bein)	Meginstarfsemi Gallon er móttaka, geymsla og afhending eldsneytis frá birgðastöðvum á Íslandi.
Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf.	640306-0920	100% (bein)	Bjarmi á 5% hlut í Samkaupum.
Öxl fasteignir ehf.	640822-1120	100% (bein)	Öxl á landspildur til fasteignapróunar.
Stork ehf. ¹⁸	571023-2100	100% (bein)	Tilgangur félagsins felst í fjárfestingum. Engin starfsemi var í félaginu árið 2023.

49. Skel á einnig stöður í öðrum skráðum félögum sem það tekur ekki stjórnarsæti í og eru nýttar til stýringar fjármuna félagsins en ekki til áhrifa í félögunum. Þá á SKEL 8,23% eignahlut í Skaga hf., en í samstæðu þess eru Vátryggingafélag Íslands hf., Fossar fjárfestingarbanki hf., SIV eignastýring hf. og Líftryggingafélag Íslands hf., sem og 15,37% hlut í Kaldalóni hf.
50. Þann 6. júní 2025 undirritaði SKEL kaupsamninga við innlenda stofnanafjárfesta um kaup þeirra á 153,9 milljónum hluta í Styrkási hf., eða um 15,4% af útgefnu hlutafé félagsins. Eftir viðskiptin á SKEL 47,9% af útgefnu hlutafé félagsins og fer ekki með yfirráð yfir því né tengdum félögum.

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

5.1 Samkaup og tengdir aðilar

51. Eins og áður segir eru Samkaup að stærstum hluta í eigu samvinnufélaga. Kaupfélag Suðurnesja svf. með 51,31% hlut og Kaupfélag Borgfirðinga svf. með 9,69% hlut. Samvinnufélögin eru í eigu mikils fjölda félagsmanna sem hafa jafnan atkvæðisrétt og ráða fyrirtæki eða einstaklingar í hópí félagsmanna, hvorki ein eða í sameiningu, ekki yfir meira en 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Birta lífeyrissjóður á samtals 18,09% hlutafé í Samkaupum. Aðrir stærri eigendur Samkaupa eru lífeyrissjóðir, Byggðastofnun og Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf.,¹⁹ sem er með rúmlega 6% hlut, en framangreindir eigendur fara ekki með 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa

¹⁸ Trúnaðarmál: [...]

¹⁹ Eignarhaldsfélagið Bjarni ehf. er í eigu SKEL, sem er eigandi 81% hluta í Heimkaupum, þar af 9,3% með beinum hætti en 72% í gegnum Orkuna sbr. umfjöllun í kafla 4.2.1.

gætir, svo samrunaaðilar viti til.

5.1.1 Stjórnarmenn Samkaupa

52. Í stjórn Samkaupa sitja Sigurbjörn Gunnarsson, stjórnarformaður, Guðjón Kjartansson meðstjórnandi, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir meðstjórnandi, Guðfinna S Bjarnadóttir meðstjórnandi og Margrét Katrín Guðnadóttir meðstjórnandi. Framangreindir stjórnarmenn Samkaupa eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Hið sama á við um Gunnar Egil Sigurðsson fráfarandi forstjóra Samkaupa og Heiði Björk Friðbjörnsdóttur starfandi forstjóra.

5.1.2 Yfirtökur Samkaupa á síðustu þremur árum

53. Stjórnir Samkaupa og Heimkaupa komust að samkomulagi um að sameina Samkaup og Atlögu ehf. með félagaréttarlegum samruna með þeim hætti að Atlögu er slitið án skuldaskila og algerlega sameinað Samkaupum (samruni með yfirtöku) undir nafni og kennitölu Samkaupa, sbr. 119. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 94. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli *Samruni Samkaupa hf. og Atlögu ehf. (Heimkaupa)*.²⁰

5.2 Orkan og tengdir aðilar

54. Orkan og tengir aðilar eiga ekki yfir 10% hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, utan þess sem fram kemur í framangreindri umfjöllun.

5.2.1 Stjórnarmenn Orkunnar

55. Í stjórn Orkunnar sitja Ásgeir Helgi Reykfrjörð Gylfason, kt. 220182-4529, stjórnarformaður, Liv Bergþórsdóttir, kt. 090869-4939, meðstjórnandi og Magnús Ingi Einarsson, kt. 141281-5859 meðstjórnandi. Liv Bergþórsdóttir er framkvæmdastjóri Bioeffect hf. Magnús Ingi er m.a. stjórnarmaður í Atlögu ehf. og Eignarhaldsfélaginu Bjarma ehf. Framangreindir stjórnarmenn Orkunnar eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, þ.e. að öðru leyti en í tengdum félögum. Hið sama á við um Auði Daníelsdóttur framkvæmdastjóra Orkunnar.

5.2.2 Yfirtökur Orkunnar á síðustu þremur árum

56. Á neðangreindri töflu má sjá yfirlit yfir yfirtökur Heimkaupa á síðustu þremur árum.

²⁰ Samkeppniseftirlitið hefur heimilað samrunann en birting ákvörðunarinnar sjálfar er í vinnslu: <https://www.samkeppni.is/malefni/samrunamal/stada-samrunamala/>

Félag	Ár	Annað
Lyfjaval ehf.	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á Lyfjaveli, sem hafði áður sameinast Lyfsalanum ehf. árið 2021.
Gló veitingar ehf. (heitir nú Prís ehf.)	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á Gló veitingum ehf., sem þá rak tvo veitingastaði. Í mars 2024 var veitingastöðum Gló lokað en vörumerkið er enn í eigu Heimkaupa. Það er engin rekstur í félaginu sem stendur.
Basko verslanir (10-11, Orkan og Extra)	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á níu verslunum sem reknar eru undir vörumerkjum 10-11, Orkunnar og Extra.

6 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

6.0 Inngangur

57. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Við skilgreiningu markaða er í samrunaskrá almennt tekin mið af starfsemi þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma.
58. Fyrir liggur að Samkeppniseftirlitið hefur rannsakað fyrirhugaðan samruna Samkaupa og Atlögu en samrunamálinu lauk með bréfi, dags. 11. apríl 2025, þar sem Samkeppniseftirlitið staðfesti að ekki væri tilefni til frekari rannsóknar eða íhlutunar í málinu. Verður því ekki fjallað um þá markaði samrunaaðilar fjölluðum um með ítarlegum hætti í tengslum við samruna Samkaupa og Heimkaupa.
59. Starfsemi samrunaaðila skarast fyrst og fremst á mögulegum undirmörkuðum dagvörumarkaðar en Samkaup reka dagvöruverslanir og í samstæðu Orkunnar er apótekið Lyfjaval, sem selur fyrst og fremst lyf en einnig snyrtivörur. Þannig er mögulegt að einhver skörun sé á undirmörkuðum dagvörumarkaðar, þ. á m. á mörkuðum fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum og á markaði fyrir smásölu á vítamínum, steinefnum og bætiefnum, eins og síðar greinir. Orkan selur fyrst og fremst eldsneyti en á bensínstöðvum Orkunnar eru seldar tilteknar dagvörur í litlum mæli, en slík dagvörusala fer fram af hálfu þriðja aðila í öllum tilvikum nema þremur, þar sem Heimkaup rekur útibú. Samkaup eru ekki starfandi á markaði fyrir eldsneytissölu en eins og áður segir selur Orkan eldsneyti, þ. á m. rafmagn fyrir rafbíla.
60. Í eftirfarandi umfjöllun er fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á, en áhersla er lögð á þá markaði sem teljast markaðir viðkomandi samrunanum sbr. 3. lið í VI. kafla viðauka I í reglum nr. 1390/2020, sbr. 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, þ.e. tilteknir undirmarkaðir dagvörumarkaðar.

6.1 Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir

6.1.1 Dagvörumarkaður

61. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sínum skilgreint dagvörumarkað sem sölu á

dagvöru í matvöruverslunum, þar sem neytendur geta keypt daglegar nauðsynjar til heimilisparfa og búshalds.²¹ Í framkvæmd hafa hefðbundnar dagvöruverslanir, þ.e. lágvöruverslanir, stórmarkaðir, þægindavöruverslanir eða klukkubúðir ásamt minni verslunum („kaupmaðurinn á horninu“) verið taldar falla undir skilgreiningu markaðarins. Dagvöruverslanir selja því t.d. mat- og drykkjarvörur, hreinlætis- og snyrtivörur og óvaranlegar heimilisvörur á borð við hreingerningavörur.²²

62. Megineinkenni alhliða dagvöruverslana er breitt vöruúrval, þ.e. að hægt sé að nálgast flesta vöruflokkar undir einu þaki, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.* Í ákvörðuninni var vísað til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008, *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, þar sem ítarlega var litið til sameiginlegra einkenna matvöruverslana á dagvörumarkaði. Sameiginlegt einkenni slíkra verslana var m.a. talið vera allmikið vöruúrval, allt frá 1.100-1.200 upp í 10.000-15.000 vörutegundir, sem væri breytilegt eftir verslunargerð.²³
63. Að sama skapi hefur vöruframboði dagvöruverslana verið skipt upp í tvo meginflokkar; dagvöru og sérvöru. Dæmi um sérvörur eru t.d. fatnaður og búsáhöld eða aðrar vörur sem eru „varanlegri“ en dagvörur.²⁴ Í ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar ESB hafa verslanir á borð við söluturna, eldsneytisstöðvar, fiskbúðir og bakarí ekki verið taldar falla undir dagvörumarkað. Hið sama er talið eiga við um hverfisbúðir, söluturna og gripið og greitt verslanir.²⁵
64. Meginmunurinn er talinn felast í því að dagvöruverslanir bjóða almennt upp á allar vörur sem neytendur þurfa til að uppfylla daglegar neysluparfir og eru bakarí og smásala á eldsneytisstöðvum eða í söluturnum þ.a.l. ekki talin uppfylla þau viðmið. Sem dæmi eru matvörur sem keyptar eru á eldsneytisstöðvum fyrst og fremst keyptar til að neyta þeirra strax eða fljótlega og hið sama má segja um vörur sem seldar eru í bakaríum.²⁶
65. Framangreind skilgreining á dagvörumarkaði hefur staðið óhöggð um langt skeið í íslenskri og erlendri framkvæmd í samkeppnisréttarlegum skilningi.²⁷ Framkvæmdastjórn ESB hefur velt því upp hvort rétt væri og eðlilegt að skilgreina mismunandi markaði út frá stærð verslana miðað við fermetrafjölda en samræmdri nálgun hefur fremur verið beitt.²⁸ Samkeppniseftirlitið hefur einnig nýlega slegið því föstu að talið sé að mörk hins hefðbundna dagvörumarkaðar hafi ekki

²¹ Sbr. t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2018, 14/2019 og 8/2020 ásamt skýrslum Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði, og nr. 1/2015 um leiðbeiningu um samkeppni á dagvörumarkaði.

²² Skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 um leiðbeiningu um samkeppni á dagvörumarkaði, bls. 3.

²³ Ákvörðunin fór fyrir áfrýjunarnefnd Samkeppnismála, sbr. úrskurður nr. 2/2009, og sú ákvörðun var síðar staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 188/2010.

²⁴ Skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði.

²⁵ Sjá t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.* og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.10631, *ITM/Mestdagh*

²⁶ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

²⁷ Sjá t.d. mgr. 31 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M10459, *CVC/Stock Spirits Group*, og ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.9495, *Fortenova Grupa/Poslovni Sistemi Mercator*.

²⁸ Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.10631, *ITM/Mestdagh*, mgr. 16.

tekið veigamiklum breytingum á síðustu árum.²⁹

66. Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar að leggja beri til grundvallar skilgreiningu á dagvörumarkaði til samræmis við fyrri framkvæmd. Þannig telja samrunaaðilar að Samkaup starfi á dagvörumarkaði en takmörkuð sala Orkunnar á dagvörum á bensínstöðvum teljist ekki falla undir skilgreininguna á dagvörumarkaði. Þ.a.l. er aðeins annar samrunaaðila, þ.e. Samkaup, starfandi á framangreindum markaði. Þrátt fyrir að samrunaaðilar leggi framangreinda skilgreiningu til grundvallar verður fjallað um mögulega staðgöngu milli takmarkaðrar sölu dagvöru á bensínstöðvum og sölu dagvöruverslana hér að neðan í samrunaskrá þessari, enda hefur Samkeppniseftirlitið í ákvarðanaframkvæmd litið til dagvörusölu eldsneytisstöðva samhliða veltu hefðbundinna dagvöruverslana við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna þrátt fyrir að hefðbundnar dagvöruverslanir hafi verið skilgreindur sem sérstakur markaður í fyrri framkvæmd sbr. m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2020, *Kaup Samkaupa hf. á rekstri dagvöruverslunar Kaupfélags Steingrímsfjarðar svf. á Hólmavík*. Tekið skal fram að á tilteknum svæðum, t.d. á Austurlandi, þ.e. á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað og á Seyðisfirði, rekur Samkaup einu verslanirnar á dagvörumarkaði (miðað við ofangreinda skilgreiningu og þannig að frátalinni sölu „sjoppa“ og „söluturna“ á dagvörum). Samrunaaðilar telja hins vegar ekki vera skörun á umræddum mörkuðum, þar sem Orkan rekur ekki dagvöruverslanir á framangreindum stöðum. Krónan nýtir hins vegar verslun sína á Reyðarfirði til að bjóða upp á heimsendingu með netverslun í Neskaupstað, og á Eski-, Reyðar-, Seyðis- og Fáskrúðsfjörð.³⁰ Í Neskaupstað rekur Olís eldsneytisstöð með sölu á tilteknum dagvörum og Lyfja rekur þar apótek, og á Seyðisfirði rekur Food Coop veitingastað sem selur m.a. ávexti og grænmeti í smásölu, og Lyfja er einnig með apótek.³¹

6.1.2 Markaður fyrir smásölu lyfja

67. Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint markað fyrir smásölu lyfja sem þann markað sem aðalstarfsemi apóteka fer fram sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2021, *Kaup Lyfju hf. á Opnu ehf. (Apótek MOS)*.³² Litið hefur verið svo á að markaðurinn skiptist annars vegar í sölu á lyfseðilsskyldum lyfjum og hins vegar lyfjum í lausasölu sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2019, *Samruni Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf.* Aðrar markaðsskilgreiningar eru taldar geta átt við, m.t.t. þess að apótek selji gjarnan fleiri vörur en aðeins lyfseðilsskyld lyf eða lyf í lausasölu.
68. Tekið skal fram að Samkaup selur tiltekin lausasölulyf í Kjörbúðinni á Fáskrúðsfirði, Krambúðinni á Flúðum og Krambúðinni á Laugarvatni á grundvelli undanþágu frá Lyfjastofnun skv. 33. gr. lyfjalaga nr. 100/2020.³³ Lyf sem heimilt er að selja eru m.a. íbúfen, paratabs og lóritín. Þá eru nikótínvörur seldar í minnstu pakkningum í verslunum samrunaaðila á grundvelli smásöluleyfis frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sbr. reglugerð nr. 992/2022 um tilkynningar um markaðssetningu, auk leyfisveitinga, og innihaldsefni nikótínvara, rafretta og áfyllinga fyrir

²⁹ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*

³⁰ Hægt er að sjá yfirlit yfir póstnúmer sem Krónan sendir í á heimasíðu fyrirtækisins: <https://kronan.is/spurt-og-svarad>

³¹ Food Coop á Seyðisfirði hefur selt grænmeti og ávexti í nokkur ár en nú rekur fyrirtækið einnig veitingastað á Seyðisfirði, hægt er að nálgast frekari upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu þess: <https://www.food-coop.is/>

³² Sjá einnig ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2010, 8/2016, 28/2019, 1/2020 og /2021.

³³ Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um þau lyf sem almennum verslunum sem hlotið hafi undanþágu frá ákvæðum lyfjalaga um lyfsölu er heimilt að bjóða til sölu á heimasíðu Lyfjastofnunar: <https://www.lyfjastofnun.is/leyfissskyld-starfsemi/sala-lausasolulyfja-i-almennum-verslunum/>

rafrettur sem innihalda nikótín. Tekið skal fram að Lyfjaval rekur ekki útibú nærri framangreindum svæðum, en næsta útibú Lyfjaval er á Selfossi.³⁴ Á Selfossi rekur Lyfja einnig apótek, ásamt Apótekaranum (sem er hluti af Lyfjum og heilsu) og Apóteki Suðurlands.³⁵

69. Þrátt fyrir framangreinda undanþágu Lyfjastofnunar telja samrunaaðilar að Samkaup starfi ekki á markaði fyrir smásölu lyfja, nema þá að mjög takmörkuðu leyti enda er vöruúrval lausasölulyfja í ofangreindum verslunum Samkaupa gríðarlega takmarkað og ekki er unnt að nálgast lyfseðilsskyld lyf í verslununum. Þá þykir rétt að greina frá því að frá verslun Kjörbúðarinnar á Fáskrúðsfirði tekur um 20 mínútur að keyra í verslun Lyfju, við hlið Krónuverslunar, á Reyðarfirði og um 30 mínútur tekur að keyra í Lyfju á Eskifirði. Frá Krambúðinni á Flúðum tekur um 30 mínútur að keyra á Selfoss, þar sem m.a. eru útibú Lyfju, Lyfja og Heilsu (Apótekarans) auk Apóteks Suðurlands. Vegalengdin er sambærileg frá Krambúðinni á Laugarvatni. Tekið skal fram að Krónan, sem nýlega festi kaup á Lyfju, sendir m.a. á Flúðir, í Reykholt og Laugarási í Bláskógabyggð.³⁶ Í heimsendingarþjónustu Krónunnar bættust einnig nýlega við Eyrarbakki, Stokkseyri og Tjarnarbyggð í Árborg við en heimsendingarþjónustan verður gerð út frá Selfossi.³⁷
70. Til hliðsjónar vekja samrunaaðilar athygli á markaðsskiptingu Samkeppniseftirlitsins í ákvörðun nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, þar sem litið var til þess að verslun á dagvörumarkaði geti að öðru jöfnu laðað til sín neytendur sem staddir eru í u.þ.b. 20-30 mínútna akstursfjarlægð frá versluninni. Samrunaaðilar telja að slík nálgun eigi ekki síður við um apótek.
71. Í ljósi þess að aðeins annar samrunaaðila, þ.e. Orkan undir vörumerkjum Lyfjaval, starfar á markaðinum telja samrunaaðilar ekki tilefni til að fjalla nánar um skilgreiningu markaðar fyrir smásölu lyfja í þessari samrunatilkynningu.

6.1.3 Markaður fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum

72. Samrunaaðilar selja báðir almennar- hreinlætis og snyrtivörur, annars vegar Lyfjaval og hins vegar Samkaup. Vörurnar sem seldar eru hjá Samkaupum eru fyrst og fremst almenns eðlis, s.s. handsápa, sjampó og aðrar hárvörur, svitalyktareyðir, húðvörur á borð við krem, bleyjur, blautklúta, tannkrem og annað sambærilegt sem t.d. er nýtt til daglegrar umhirðu, á borð við ódýrari förðunarvörur. Á eldsneytisstöðvum Orkunnar eru einungis seldar hreinlætis- og snyrtivörur að mjög takmörkuðu leyti og hið sama á við í Lyfjavali.
73. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, var niðurstaðan sú að skipta megi smásölu á hreinlætis- og snyrtivörum í tvo vöru- eða þjónustumarkaði, annars vegar markað fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum og hins vegar markað fyrir smásölu á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörum. Undir síðarnefnda flokkinn hafa fallið einkum dýrari vörur, sem markaðssettar eru sem hágæðavörur og eru eingöngu seldar frá viðurkenndum endursöluaðilum á smásölustigi. Að sama skapi fylgja oft kröfur frá framleiðendum, t.d. varðandi útlit og staðal verslunar sem og sérþekkingu starfsfólks. Í ákvörðuninni var talið að skilgreina mætti almennar hreinlætis- og snyrtivörur með neikvæðum hætti gagnvart framangreindu, þ.e. að það séu þær vörur sem ekki teljast til „sér“ hreinlætis- og snyrtivara. Slíkar vörur eru jafnan

³⁴ Að öðru leyti rekur Lyfjaval aðeins apótek á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

³⁵ Sjá má yfirlit yfir útibú Lyfjaval á heimasíðu apóteksins: <https://www.lyfjaval.is/opnunartimi>

³⁶ Krónan sendir heim í tugi póstnúmera en hægt er að nálgast yfirlit yfir heimsendingarþjónustu Krónunnar á heimasíðu fyrirtækisins: <https://kronan.is/spurt-og-svarad>

³⁷ Sjá frétt á vef mbl.is: https://www.mbl.is/matur/frettir/2024/08/21/kronan_bregst_vid_kalli_i_uppsveitum_arnessyslu/

ódyrari og í boði í fjölbreyttari verslunum á borð við dagvöruverslanir. Þrátt fyrir að út frá sjónarhóli endanlegra neytenda sé ekki endilega staðganga milli mismunandi hreinlætis- og snyrtivara á smásölustigi geta önnur lögmál gilt þegar horft er á markaðinn út frá sjónarhóli endurseljenda á heildsölumarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 32/2024, *Kaup Festi hf. á Lyfju hf.* Í ljósi þessa hefur markaðinum verið skipt upp með framangreindum hætti.

74. Lyfjaval býður upp á takmarkað úrval snyrtivara frá merkjum á borð við Neutrogena, Vichy og La Roche-Posay. Síðastnefndu vörurnar gætu fallið undir markaðsskilgreiningu á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörum en vöruframboð Lyfjavals á slíkum vörum er nánast ekki neitt.³⁸
75. Samrunaaðilar telja að þrátt fyrir að skilgreindur yrði sérstakur undirmarkaður fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum yrði samþjöppun hverfandi, með vísan til mjög takmarkaðs vöruframboðs Orkunnar og Lyfjavals á markaðinum. Þannig beri fremur að líta á markaðinn sem hluta af dagvörumarkaði, sem aðeins Samkaup er starfandi á og er þar af leiðandi engin skörun milli kaupanda og Samkaupa.

6.1.4 Markaður fyrir smásölu á heilsuvörum

76. Samkaup selja heilsuvörur, á borð við lífræna mat- og drykkjarvöru, hráfæði, próteinduft og vítamín, í verslunum sínum. Þá selur Lyfjaval, eins og önnur apótek, vítamín og aðrar heilsuvörur.
77. Samkeppniseftirlitið telur heildarmarkað fyrir heilsuvörur í víðum skilningi mjög fjölbreyttan og að flokka megi vörur innan heildarmarkaðarins eftir eðli og ætlaðri notkun.³⁹ Þannig hafi aðilar á dagvörumarkaði lagt áherslu á „heilsusamlegri“ vörur en margt geti fallið innan skilgreiningu heildarmarkaðarins. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* taldi Samkeppniseftirlitið, m.a. í samræmi við ákvarðanaframkvæmd framkvæmdastjórnar ESB, að unnt væri að skilgreina sérstaka undirmarkaði fyrir smásölu á heilsuvörum. N.t.t. heildarmarkað fyrir smásölu vítamína, steinefna og bætiefna, heildarmarkað fyrir smásölu á lífrænni mat- og drykkjarvöru og heildarmarkað fyrir smásölu á mat- og drykkjarvöru sem flokkast sem heilsuvara.
78. Samkaup selur ýmsar vörur í víðum skilningi, þ.e. allt frá mat- og drykkjarvöru til bætiefna, en Lyfjaval selur eingöngu vítamín og bætiefni, sbr. nánar hér að neðan. Samrunaaðilar telja að líta beri til markaðar fyrir smásölu á heilsuvörum sem hluta af dagvörumarkaði, en aðeins Samkaup er starfandi á dagvörumarkaði.

6.1.5 Markaður fyrir smásölu á vítamínum, steinefnum og bætiefnum

79. Samrunaaðilar selja vítamín, steinefni og bætiefni í verslunum sínum og telja því að starfsemi samrunaaðila kunni að skarast á hugsanlegum undirmarkaði fyrir slíkar vörur. Framkvæmdastjórn ESB hefur skilgreint heildarmarkað fyrir vítamín, steinefni og bætiefni og talið að unnt sé að greina á milli einstakra vítamína sem sérstakra vörumarkaða.⁴⁰ Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* vísaði Samkeppniseftirlitið til þess að aðstæður hér á landi væru sambærilegar og í Evrópu. Þannig væru þeir smásalar sem bjóði upp á vítamín, steinefni og bætiefni fyrirtæki sem bjóði sambærilega breitt úrval af vörum. Samkeppniseftirlitið taldi að aðgreina bæri söluaðila fæðubótarefna, sem jafnframt

³⁸ Hægt er að nálgast upplýsingar um vöruúrval Lyfjavals í snyrti- og lífsstílsvörum á heimasíðu félagsins: <https://www.lyfjaval.is/verslun/snyrti-og-lifsstilsvorur>

³⁹ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*

⁴⁰ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB í máli M.2773, *Nestle/L'Oreal/Inneov*, mgr. 11 og 13.

selja vítamín, steinefni og bætiefni, frá öðrum söluaðilum.

80. Samkaup selur vítamín og bætiefni á borð við fjölvítamín, góðgerla og collagen í verslunum sínum. Það er hins vegar misjafnt að hve miklu leyti slíkar vörur eru seldar eftir verslunum, þ.e. úrvalið er t.a.m. meira í Nettó heldur en í Krambúðinni og í Extra eru ekki seld vítamín og bætiefni. Þannig er boðið upp á mesta vöruúrvalið af vítamínum og bætiefnum í verslunum Nettó, þar sem einnig er selt próteinduft, amínósýrur, glútamín, kreatín og önnur bætiefni sem jafnan eru kennd við heilsurækt.
81. Lyfjaval selur einnig sambærilegar vörur í apótekum sínum en eðli varanna í Lyfjavali er takmarkað við fjölvítamín, góðgerla og aðrar sambærilegar vörur.⁴¹ Ekki eru seldar vörur á borð við próteinduft og kreatín í Lyfjavali.
82. Samrunaaðilar telja að ef skilgreindur yrði sérstakur undirmarkaður fyrir smásölu á vítamínum, steinefnum og bætiefnum, yrði skörun samrunaaðila hverfandi. Líklega allar dagvöruverslanir selja einhvers konar vítamín og bætiefni og er samkeppnislegt aðhald apóteka á markaðinum líklega takmarkað að mati samrunaaðila. Þannig er algengt að dagvöruverslanir haldi „heilsudaga“ eða aðra sambærilega tilboðsdaga og bjóði upp á mikinn afslátt á framangreindum vörum en meginstarfsemi Lyfjavals felst eftir sem áður í sölu lyfja, í lausasölu og í lyfseðilsskyldum lyfjum. Að mati samrunaaðila ber að horfa á framangreindan markað sem hluta af dagvörumarkaði.
83. Eins og áður hefur komið fram starfrækir Lyfjaval einungis apótek á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Selfossi. Á framangreindum svæðum eru fjölmargar dagvöruverslanir starfandi, ásamt apótekum, en sem dæmi eru fjögur apótek starfandi á Selfossi (Lyfjaval þ.m.t.) og fimm apótek í Reykjanesbæ (Reykjanesapótek Fitjum, Reykjanesapótek, Lyfja, Apótekarinn Keflavík (Lyf og Heilsa) og Lyfjaval Reykjanesi (Apótek Suðurnesja)). Þá eru einnig starfandi fjölmargar dagvöruverslanir á sömu svæðum, þ.e. höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Selfossi, og telja samrunaaðilar því ljóst að möguleg skörun á milli Lyfjavals og Samkaupa á markaði fyrir smásölu á vítamínum, steinefnum og bætiefnum sé hverfandi. Framboð Lyfjavals á markaðinum er einnig tiltölulega takmarkað en seldar eru vörur frá vörumerkjum á borð við Gula miðann, Better You, Bio-Kult, Now, o.þ.h., sem einnig eru seldar í dagvöruverslunum.

6.1.6 Markaður fyrir smásölu áfengis

84. Að vitund samrunaaðila hefur Samkeppniseftirlitið ekki tekið markað fyrir smásölu áfengis til skoðunar enda hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkaleyfi til smásölu áfengis samkvæmt 1. mgr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998, þrátt fyrir að heimilt sé að selja áfengi á framleiðslustað í takmörkuðum mæli sbr. 6. gr. b sömu laga. Markaðurinn hefur þó breyst nokkuð á síðustu árum en félög á borð við netverslun Heimkaupa, Sante, Nýju Vínbúðina, Desma, Coscto og Smáríkið hafa haft umboð með áfengissölu erlendra netverslana. Í ljósi einokunarstöðu ÁTVR telja samrunaaðilar ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls að fjalla nánar um markaðshlutdeild á mögulegum markaði fyrir smásölu áfengis en talið hefur verið að ÁTVR sé með ríflega 97% markaðshlutdeild.⁴²
85. Fjölmargar netverslanir með áfengi hafa skotið upp kollinum á síðustu árum með misgóðum

⁴¹ Hægt er að nálgast vöruúrval Lyfjavals í vítamínum og bætiefnum á heimasíðu félagsins: <https://www.lyfjaval.is/verslun/vitamin-og-baetiefni>

⁴² Sjá frétt á vef mbl.is þar sem byggt er á gögnum frá fjármálakerfinu Meniga: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2022/05/09/netverslanir_med_litid_brot_af_markadi/

árangri. Tekjur áfengisverslunarinnar Sante ehf. námu í fyrra um 580 milljónum króna árið 2022 og forsvarsmenn Sante stefna á að opna afgreiðslulager í Skeifunni í Reykjavík sem verður „stærsti vínaafgreiðslustaður landsins“. ⁴³ [...] ⁴⁴

86. Hagkaup opnaði netverslun með áfengi í september 2024 þar sem viðskiptavinum gefst færi á að skanna QR-kóða við komu í staðbundna verslun. ⁴⁵ Á meðan verslað er í verslun Hagkaupa „setur starfsmaður áfengu vörurnar í poka og í lok verslunarferðarinnar sækir viðskiptavinurinn áfengið á þjónustuborðið,“ eins og haft er eftir framkvæmdastjóra Hagkaupa. ⁴⁶ Þá hóf Costco sölu á áfengi í gegnum netverslun sína sumarið 2023. Krónan fylgist vel með þróun á áfengissölu en að sögn framkvæmdastjóra hefur verslunin hingað til ekki viljað selja áfengi í gegnum netverslun þrátt fyrir að innviðir séu til staðar. ⁴⁷
87. Samandregið telja samrunaaðilar ljóst að engin skörun sé á starfsemi aðila á ofangreindum markaði.

6.1.7 Eldsneytismarkaður og raforkumarkaður

88. Meginstarfsemi Orkunnar felst í sölu á eldsneyti og annarri orku. Samkeppniseftirlitið hefur ítarlega fjallað um eldsneytismarkað í nýlegri ákvarðanaframkvæmd, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *Samruni N1 hf. og Festi hf.* Heildareldsneytismarkaðinum hefur verið skipt í innflutning og heildsölu, birgðahald, dreifingu og smásölu fljótandi jarðefnaeldsneytis. ⁴⁸
89. Í framangreindu máli vísuðu N1 og Festi til þess að á markaði fyrir sölu eldsneytis megi greina tiltekna undirmarkaði fyrir sölu vara á eldsneytisafgreiðslustöðvum. Þrír eftirfarandi undirmarkaðir væru á eldsneytismarkaði:
- Markaður fyrir sölu eldsneytis
 - Markaður fyrir sölu á dagvöru, samlokum og einföldum tilbúnum réttum
 - Markaður fyrir sölu á rekstrarvöru bifreiða
90. Í ljósi þess að Samkaup stundar ekki starfsemi á eldsneytismarkaði telja samrunaaðilar að áhrifa samrunans muni ekki gæta þar. [...] ⁴⁹ en Samkaup reka örfáar hraðhleðslustöðvar við Nettó verslanir á grundvelli samstarfs við Ísorku. ⁵⁰ [...] ⁵¹ Á grundvelli framangreinds telja samrunaaðilar ekki ástæðu til að fjalla um markaðinn með ítarlegri hætti, en tekið skal fram að Skeljungur ehf., sem er í eigu Styrkáss ehf. og í 47,9% eigu SKEL, sér um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurolíum, hreinsi- og efnavörum, áburði og öðrum vörum til fyrirtækja

⁴³ Sjá viðtal í Viðskiptablaðinu: <https://vb.is/frettir/verdur-staersti-vinaafgreidslustadur-landsins/>

⁴⁴ Trúnaðarmál.

⁴⁵ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/hagkaup-opnar-netverslun-med-afengi-i-dag/>

⁴⁶ Sjá frétt á vef mbl.is: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2024/05/23/hagkaup_opna_netverslun_med_afengi/

⁴⁷ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/kronan-vill-ekki-starfa-a-grau-svaedi-/>

⁴⁸ Frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðnum*.

⁴⁹ Trúnaðarmál.

⁵⁰ Sjá frétt á vef mbl.is: https://www.mbl.is/bill/frettir/2022/06/01/ny_hradhledslustod_vid_netto_i_grindavik/

⁵¹ Trúnaðarmál.

og bænda, ásamt því að veita þjónustu til stórnotenda, útgerða, í flug og í verktöku.⁵²

91. Eins og fram kemur í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði*, á (jarðefna)eldsneyti sér fáar staðgönguvörur en aðrir orkugjafar, einkum rafmagn eða vetni, geti mögulega komið í stað eldsneytis. Orkan rekur 14 hraðhleðslustöðvar, sem eru bæði staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni n.t.t á Hellu, Fitjum og Akureyri. Þá rekur Blær - Íslenska Vetnisfélagið ehf., einu tvær vetnisstöðvar á Íslandi, sem báðar eru staðsettar á suðvesturhorni landsins. Orkan á 34% hlut í Straumlind ehf., sem er raforkusölufyrirtæki. Miðað við markaðsskilgreiningar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2020 *Samruni Festi hf. og Íslenskrar orkumiðlunar ehf.*, starfar Orkan á markaði fyrir rekstur hleðslustöðva en Straumlind starfar á markaði fyrir sölu á rafmagni til endanotenda. Hvorugt félagið starfar á markaði fyrir sölu hleðslustöðva fyrir bifreiðar og ráðgjöf í tengslum við þær. Samkaup á og rekur fjórar hraðhleðslustöðvar á landsbyggðinni en salan er óveruleg. Stöðvarnar eru staðsettar í Borgarnesi, Búðardal, Ólafsfirði og Seyðisfirði. Hleðslustöð er staðsett í Grindavík en er með mjög takmarkaða notkun vegna jarðelda á Reykjanesi.
92. Samrunaaðilar telja nánari umfjöllun um sölu rafmagns til rafbílaeigenda, með hraðhleðslustöðvum, eða sölu vetnis í sama skyni, ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls, enda verður engin samþjöppun á mögulegum undirmörkuðum ef af fyrirhuguðum samruna verður.⁵³

6.1.8 Markaður fyrir bílaþvott

93. Löður starfar á markaði fyrir bílaþvott og telja samrunaaðilar ekki þörf á að greina markað fyrir bílaþvott í nánari undirmarkaði, t.d. eftir sjálfvirkni eða tegund bursta sem notaðir eru við þvottinn sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2019, *Kaup Barone I ehf. á 90% hlut í Löður ehf.* Árstíðarsveiflur eru í vali viðskiptavina, þar sem fleiri þvo bíl sinn sjálfir yfir sumartímann, og staðganga er á milli mismunandi flokka þjónustu.
94. Samkaup er ekki á markaði fyrir bílaþvott og mun samruninn ekki breyta markaðsgerð markaðarins að neinu leyti. Engin breyting verður á fjölda keppinauta á markaðinum og mun samruninn ekki leiða af sér neina samþjöppun. Samrunaaðilar telja því ljóst að áhrifa muni ekki gæta á markaði fyrir bílaþvott.

6.2 Viðkomandi landfræðilegir markaðir

6.2.1 Inngangur

95. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum, sbr. VI. kafli reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390. Við mat á landfræðilegum markaði er

⁵² SKEL átti áður 63,4% hlut í Styrkás og fór með bein yfirráð yfir félaginu en seldi nýlega 15,4% af útgefnu hlutafé í Styrkás eins og fram kemur í kauphallartilkynningu, dags. 6. júní 2025, og fer því ekki með yfirráð yfir félaginu í dag: https://keldan.is/Tilkynningar/GNW3095421_is

⁵³ Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint markað fyrir sölu á rafmagni til endanotenda sbr. ákvörðun nr. 49/2006, *Stofnun Orkusölunnar ehf.*, ákvörðun nr. 21/2020, *Kaup Orkusölunnar ehf. og RARIK ehf. á Rafveitu Reyðarfjarðar*, og ákvörðun nr. 22/2020, *Samruni Festi hf. og Íslenskrar orkumiðlunar ehf.* Í síðastnefndu ákvörðuninni taldi Samkeppniseftirlitið vísbendingar um að hægt sé að skilgreina sérstakan markað fyrir rekstur hleðslustöðva fyrir bifreiðar en ekki var tekin endanleg afstaða til skilgreiningar mögulegra markaða.

m.a. litið til eðlis og einkennis viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegra aðgangshindrana eða neytendavenja, mun á markaðshlutdeild fyrirtækja á því landfræðilega svæði sem um ræðir og aðliggjandi svæði eða verulegs mun á verðum.

96. Hér að neðan verður fjallað um landfræðilega markaði málsins þar sem áhrifa samrunans gætir sem og á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans kann að gæta, eins og við á.

6.2.2 Dagvörumarkaður og mögulegir undirmarkaðir

97. Í ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins hefur landfræðilegur markaður fræðilega séð verið talinn ýmist staðbundinn, svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Í ákvörðuninni kom fram að stærð landfræðilegs markaðar velti m.a. á því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandi sé í nálægð við seljandann og matið ráðist almennt af því hvað einkenni vöruna eða þjónustuna annars og viðskiptavinina hins vegar, eftir því hvaða leiðum sala og þjónusta fer fram svo og hvert eðli viðskiptanna sé. Þar skipti máli hversu mikil þörf er á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda og hver yrði tíma- og ferðakostnaður við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Þannig hafi markaðir tilhneigingu til að vera staðbundnir þegar mikil þörf er á beinum samskiptum viðskiptavina og seljenda vörunnar og þ.a.l. hafi almennt verið litið svo á í samkeppnisrétti að smásölumarkaðir séu staðbundnir, eins og fram kom í nefndri ákvörðun.
98. Dagvörumarkaður hefur þannig verið talinn staðbundinn þar sem höfuðborgarsvæðið hefur verið skilgreindur sérstakur markaður og eftir atvikum aðrir þéttbýliskjarnar og svæði á landinu. Litið hefur verið svo á að út frá sjónarhóli neytenda gæti tuttugu mínútna akstur í þéttbýli gefið kost á einum eða fleiri stórmörkuðum og lágvöruverðsverslunum auk minni matvöruverslana sem bjóða upp á takmarkaðra vöruúrval, eftir því hvar viðkomandi neytandi er staðsettur. Við mat á afmörkun landfræðilegs markaðar dagvöruverslana hefur því verið litið til svæðis sem nemur 20-30 mínútna akstursfjarlægð frá viðkomandi verslun.⁵⁴
99. Samrunaaðilar telja að leggja eigi til grundvallar, í samræmi við fyrri framkvæmd Samkeppniseftirlitsins, að dagvörumarkaður sé staðbundinn og að hið sama eigi við um mögulega undirmarkaði dagvörumarkaðar sem fjallað var um að ofan. Samkaup reka dagvöruverslanir um land allt, Lyfjaval rekur apótek á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og á Selfossi, og Orkan rekur bensínstöðvar víðsvegar um landið.

6.2.3 Eldsneytismarkaður, raforkumarkaður og markaður fyrir bílþvott

100. Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður eldsneytismarkaðar sé mismunandi eftir undirmörkuðum, sbr. til hliðsjónar frummatsskýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaðinum*, en telja ekki þörf á að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar, þar sem Samkaup eru ekki starfandi á eldsneytismarkaði.
101. Þá beri að líta á starfsemi Straumlindar (Orkunnar) á raforkumarkaði í samræmi við fyrri framkvæmd Samkeppniseftirlitsins, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2020, *Samruni Festi hf. og Íslenskrar orkumiðlunar ehf.*, þannig að landfræðilegur markaður sölu rafmagns til endanotenda sé landið allt, heilt og óskipt. Þar sem Samkaup er ekki starfandi á

⁵⁴ Sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999, Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf., ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 38/2002, Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf., ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í samrunamáli Kesko/Tuko nr. IV/M.784 (OJ C193) og ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 25. Apríl 2004 í máli nr. COMP/M.4590 Rewe/Delvita. Vísað var til ákvarðananna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, Samruni Haga hf. og Lyfju hf.

framangreindum markaði sé þó ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar.

102. Samrunaaðilar telja að landfræðilegur markaður markaðar fyrir bílaþvott sé staðbundinn, en telja ekki þörf á að taka endanlega afstöðu til landfræðilegs markaðar á framangreindum markaði, enda starfar Samkaup að engu leyti á markaðinum.

7 SAMKEPPNISLEG ÁHRIF SAMRUNA

7.0 Inngangur

103. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni muni hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæði 17. gr. c samkeppnislaga. Þá kemur fram í b-lið 8. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga að í styttri tilkynningu um samruna skuli fjallað um þá markaði sem samruninn hefur áhrif á.
104. Samrunaaðilar starfa á mismunandi mörkuðum og telja samrunaaðilar að um svokallaðan samsteypusamruna sé að ræða í skilningi a-liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, enda sé um að ræða fyrirtæki sem renna saman en eru ekki í samkeppnislegum tengslum sem keppinautar eða viðskiptavinir. Þrátt fyrir að litið yrði til mögulegra undirmarkaða dagvörumarkaðar er meginstarfsemi Orkunnar sala eldsneytis, sala lyfja og bílaþvottur en Samkaup starfar eingöngu á dagvörumarkaði. Yrði litið svo á að einhver skörun gæti verið á dagvörumarkaði, t.d. vegna sölu Orkunnar á nammi og gosi á bensínstöðvum og sölu Lyfjavalis á vítamínium eða snyrtivörum, yrði samþjöppun samrunaaðila samt sem áður hverfandi. Í ljósi framangreinds verður fjallað nánar um dagvörumarkað hér að neðan, enda er ljóst að engin skörun sé á öðrum mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á að mati samrunaaðila.

7.1 Mat á samkeppnislegum áhrifum samruna

105. Samrunaaðilar telja að heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru hafi verið um 210 ma.kr. árið 2021, um 225 ma.kr. árið 2022 og um 255 ma.kr. árið 2023. Samrunaaðilar áætla að heildarvelta vegna netsölu hafi verið um 12 ma.kr. sl. 3 ár.
106. Stærstu keppinautar Samkaupa á dagvörumarkaði eru Hagar og Festi, sem lengi hafa borið höfuð og herðar yfir aðra á dagvörumarkaði. Að mati samrunaaðila virðist hagnaðarvon turnanna tveggja í fyrirsjáanlegri framtíð vera aukaatriði. Hagar opnuðu nýlega stóra Bónusverslun í Miðhrauni, mjög skammt frá þremur öðrum Bónusverslunum, eða í um 3-7 mínútna akstursfjarlægð frá hverri þeirra. Bónusverslun er í Kaupþúni, í um 7 mínútna akstursfjarlægð, Helluhrauni, eða í um 3 mínútna akstursfjarlægð, og á Garðatorgi en um 5 mínútur tekur að keyra frá Garðatorgi í verslunina í Miðhrauni. Ekki stendur til að loka verslununum þrátt fyrir stofnun þeirrar nýju.⁵⁵ Bónus opnaði einnig nýja og endurbætta matvöruverslun í Holtagörðum í Reykjavík sumarið 2023 en önnur verslun er í Skútuvogi, í um tveggja mínútna akstursfjarlægð. Verslunarkerðjan opnaði einnig verslun í Norðlingaholti árið 2022 en fyrir var verslun í Hraunbæ, í um 6 mínútna akstursfjarlægð.⁵⁶ Hagkaup, í eigu Haga,

⁵⁵ Framkvæmdastjóri Bónuss sagði í viðtali í tilefni af stofnun verslunarinnar í Miðhrauni að versluninni í Kaupþúni yrði ekki lokað, þrátt fyrir að um 500 metrar væru á milli verslananna. Sjá nánar á vef Kópavogs- og Garðapóstsins: <https://kgp.is/gardabaer/bonus-fjolgar-matvoruverslunum-i-gardabae/>

⁵⁶ Miðað er við upplýsingar af Google Maps í umfjölluninni.

hefur einnig ráðist í töluverðar framkvæmdir á verslunum og opnað m.a. endurbættar verslanir í Smáralind og Kringlunni og hlotið hönnunarverðlaun fyrir.⁵⁷ Þá var verslun Hagkaupa á Eiðistorgi töluvert endurbætt árið 2021.⁵⁸

107. Samrunaaðilar leggja áherslu á að standsetning nýrrar verslunar, sér í lagi jafnstórra og Bónusverslanir eru almennt, er kostnaðarsöm og tekur jafnan nokkurn tíma fyrir slíka fjárfestingu að byrja að skila hagnaði. Því má velja því upp hvort að markmið með opnun nýrra verslana sé að koma í veg fyrir að keppinautar geti haslað sér völl á tilteknum staðsetningum.
108. Krónan, í eigu Festi, hefur einnig ráðist í miklar endurbætur á verslunum sínum í Reykjavík, m.a. á Granda, í Skeifunni, og í Grafarholti, auk þess sem ný Krónuverslun var opnuð á Akureyri í desember 2022.⁵⁹ Sama ár var einnig opnuð ný verslun í Borgartúni í Reykjavík. Krónan hefur einnig ráðist í miklar fjárfestingar í netverslun og tengdum tæknilausnum og býður nú upp á heimsendingar í smærri byggðarlögum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi, eins og nánar er rakið hér¹³⁵ að neðan.
109. Í samstæðu Haga eru matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, eldsneytisstöðvarnar Olís og ÓB, heildverslanirnar Stórkaup og Bananar, dreifingamiðstöðin Aðföng, og fyrirtækið Eldum rétt, sem selur samsetta matarpakka á netinu og í verslun. Samstæða Haga er talin markaðsráðandi á dagvörumarkaði. Bónus rekur 33 verslanir og þar af eru 20 á höfuðborgarsvæðinu. Bónus bætti við einni verslun á höfuðborgarsvæðinu og jók veltuna um níu ma.kr. á milli 2022 og 2023. Fyrir innkomu Prís á markaðinn var það einna helst Bónus sem einkenndi sig frá samkeppninni með lágum verðum, þar sem keppinautarnir Krónan og Nettó hafa frekar valið að auka þjónustu við neytendur. Hagkaup er með gríðarlega sterka markaðshlutdeild á snyrtivörumarkaði og þá eykur enn á styrk Haga að hafa dótturfélögin Aðföng og Banana, sem sinna stoðþjónustu fyrir matvörukeðjurnar, auk Stórkaupa sem býður mat- og rekstrarvörur í heildsölu. Hagkaup jók sína veltu um tvo ma.kr. á milli 2022 og 2023 en gera má ráð fyrir að hluti af þeirri veltu falli undir sérvöru.
110. Festi reka fjölmargar matvörverslanir undir merkjum Krónunnar, eldsneytisstöðvarnar N1, lyfjaverslunina Lyfju, raftækjaverslunina Elko og Bakkann vöruhótel. Festi hefur sótt í sig veðrið að undanfögnu, m.a. á kostnað Haga og annarra aðila á dagvörumarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á Eldum rétt ehf.* Velta Krónunnar jókst t.a.m. um 14 ma.kr. á milli 2022 og 2023. Líkt og reifað hefur verið í köflunum að framan þá er Krónan að sækja fram bæði með þægindum, í verslun og á netinu, sem og nýjum verslunum á góðum staðsetningum. Samrunaaðilar telja líkur á því að án samrunans muni Festi halda áfram að eflast, samhliða Högum, og að erfitt verði fyrir smærri aðila að mæta styrknum sem þessir aðilar búa yfir með virkri samkeppni. Samrunaaðilar vilja hrista upp í markaðnum og koma þannig í veg fyrir þá stöðnun sem þeir telja að annars verði og hefur sú vegferð þegar verið hafin, annars vegar með opnun Prís og hins vegar með undirritun samrunasamnings, sem þessi tilkynning lýtur að.
111. Birgðaverslunin Costco, sem opnaði árið 2017 í Garðabæ, selur jafnan vörur í stærri sölueiningum en gengur og gerist í hefðbundnum dagvöruverslunum. Verslunin selur hvort tveggja dagvörur og sérvörur og er talin veita lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum

⁵⁷ Sjá grein hjá Viðskiptablaðinu: <https://vb.is/frettir/nyju-verslanir-hagkaups-verdlaunadar/>

⁵⁸ Sjá tilkynningu á heimasíðu Hagkaupa: <https://www.hagkaup.is/grein/endurbætur-a-eidistorgi>

⁵⁹ Sjá m.a. tilkynningar á heimasíðu Krónunnar: <https://www.kronan.is/frettir/kronan-opnar-nyja-verslun-a-akureyri-og>
<https://kronan.is/frettir/kronan-i-grafarholti-opnar-eftir-framkvæmdir>

samkeppnislegt aðhald. Þá virðist Costco líta á lágvöruverðsverslanir og stórmarkaði sem keppinauta sína, sbr. áður nefnd ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á Eldum rétt ehf.*, þar sem Samkeppniseftirlitið taldi rök standa til þess að telja bæri veltu Costco vegna sölu á dagvöru til hins hefðbundna dagvörumarkaðar.

112. Fjarðarkaup hefur rekið verslun innan bæjarmarkna Hafnarfjarðar frá 1982. Markmið með stofnun Fjarðarkaupa var að reka lágvöruverðsverslun en í netkönnun Samkeppniseftirlitsins, sem framkvæmd var í tengslum við rannsókn á samruna Haga hf. og Olíuverzlunar Íslands hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa hf. á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*, var Fjarðarkaupum skipað í flokk stórmarkaða. Melabúðinni, sem rekin hefur verið í hartnær 60 ár í Vesturbæ Reykjavíkur, var einnig skipað í flokk stórmarkaða í sömu netkönnun.
113. Verslunin Kostur opnaði fyrir tæpum fimm árum, upphaflega á netinu en er nú til húsa í Miðhrauni í Garðabæ auk þess að selja matvörur á netinu. Þá rekur Kaupfélag Skagfirðinga Skagfirðingabúð á Sauðárkróki. Euro & Mini Market reka nú fimm verslanir á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
114. Þá telja samrunaaðilar að aukning í netverslun veiti verulegt samkeppnislegt aðhald á dagvörumarkaði. Krónan hefur verið í mikilli sókn með tækninýjungum í verslun og á netinu og hefur „Snjallverslun Krónunnar“⁶⁰ auk Krónuappsins notið mikilla vinsælda en skömmu eftir að appið var sett í loftið, árið 2013, höfðu 10.000 manns sótt forritið.⁶¹ Krónan býður upp á endurgjaldslausu heimsendingu upp að dyrum ef verslað er fyrir meira en 19.900 kr. í um 80 póstnúmerum. Hagkaup býður einnig upp á endurgjaldslausu afhendingu á afhendingarstöð eða í sjálfsafgreiðslubox ef verslað er fyrir meira en 12.900, þrátt fyrir að Hagkaup hafi í seinni tíð fyrst og fremst einblínt á netverslun með snyrtivörur. Hagkaup hyggst setja aukna áherslu á netverslun, a.m.k. í smásölu á áfengi, og er netverslun Hagkaupa því í stöðugri þróun, sbr. umfjöllun að framan.
115. Lista með nöfnum allra helstu keppinauta sem starfa á dagvörumarkaði má sjá hér að neðan ásamt áætlaðri markaðshlutdeild á landinu öllu:

⁶⁰ Sjá nánar á vefsíðu Krónunnar: <https://kronan.is/umsnjallverslun>

⁶¹ Sjá grein á vef Vísis <https://www.visir.is/g/2013445910d/kronuappid-sott-tiu-thusund-sinum>

	2022	2023	2024
Samkaup + Heimkaup (Atlaga)⁶²	[20-25%]⁶³	[15-20%]	[15-20%]
Hagar	42,6%	42,9%	44,2%
Festi	22,7%	25,3%	27,9%
Costco	9,7%	8,9%	4,2%
Fjarðarkaup	1,6%	1,5%	1,5%
Melabúðin	0,5%	0,5%	0,5%
Euro & Mini Market	1,4%	1,3%	1,5%
Aðrar dagvöruverslanir	0-5%	0-5%	0-5%

116. Aðrar dagvöruverslanir á borð við Kaupfélag Skagfirðinga, sem reka Skagfirðingabúð á Sauðárkróki auk kaupfélags á Hofsósi og Ketilási, skila ekki sundurliðuðum ársreikningum eftir veltu hvernar dagvöruverslunar fyrir sig. Samrunaaðilar áætla að Krónan hafi lang hæsta markaðshlutdeild í netsölu á dagvörumarkaði, ef horft er á netsölu eingöngu.
117. Orkan rekur engar dagvöruverslanir, en þrjár verslanir í eigu Heimkaupa (Atlögu ehf.) eru reknar á eldsneytisstöðvum Orkunnar. N.t.t. rekur Heimkaup „sjoppur“ á tveimur eldsneytisstöðvum Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandsvegi og á Dalvegi 20, og einnig á Fitjum í Reykjanesbæ. Að öðru leyti hafa þriðju aðilar rekið „söluturna“ í grennd við eldsneytisstöðvar Orkunnar, t.a.m. á landsbyggðinni, og er slík starfsemi ekki rekin af hálfu Orkunnar. Þannig reka Heimkaup mjög einfalda verslun/söluturn með dagvörur við sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar á Fitjum í Reykjanesbæ, en vöruúrvalið er mjög takmarkað og takmarkast við vörur sem hægt er að neyta á ferðinni, s.s. drykki, samlokur, pylsur, pizzur og sælgæti í takmörkuðu úrvali. Framboðið er sambærilegt á Orkustöðvum á Dalvegi og Vesturlandsvegi.
118. Eins og áður segir reka Lyfjaval eingöngu útibú á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Suðurnesjum og eitt á Selfossi. Framboð Lyfjaval á skilgreindum undirmörkuðum dagvörumarkaðar, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2024, *Kaup Festi hf. á Lyfju hf.*, er mjög takmarkað, eins og sjá má á heimasíðu félagsins⁶⁴, en mesta framboð Lyfjaval er líklega í húðvörum sem, að mati samrunaaðila, falla ýmist undir markað fyrir almennar hreinlætis- og snyrtivörur og „sér“ hreinlætis- og snyrtivörur. Með því er átt við að nokkuð framboð er af vörum frá vörumerkjum á borð við CeraVe (sem seldar eru í Krónunni, Hagkaup, Costco og einnig sérvöruverslunum), Eucerin (sem selt er í öllum helstu apótekum landsins), Neutrogena (sem selt er í Krónunni,

⁶² Átt er við nýlega samþykktan samruna Samkaupa hf. og Atlögu ehf. af hálfu Samkeppniseftirlitsins, en tekið skal fram að samruni félaganna sjálfra hefur ekki farið fram þegar samrunatilkynning þessi er rituð.

⁶³ Tekið skal fram að inni í áætlaðri markaðshlutdeild er litið til reksturs verslunarinnar Heimkaupa sem og verslana Orkunnar þrátt fyrir að þær hafi ekki verið keyptar fyrr en árið 2023. Hér er því um að ræða samanlagða markaðshlutdeild dagvöruverslana SKEL.

⁶⁴ Hægt er að sjá yfirlit yfir vöruflokkka Lyfjaval, og vöruframboð í hverjum flokki fyrir sig, á heimasíðu apóteksins: <https://www.lyfjaval.is/verslun/hreinlaetisvorur>

Hagkaup og apótekum), Nivea (sem selt er í helstu dagvöruverslunum og apótekum), og svo áfram mætti telja. Með hliðsjón af ofangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skal einnig tekið fram að hvorki Orkan (á dagvörumarkaði) né Lyfjaval reki útibú á Austurlandi eða Suðausturlandi og verður samþjöppun því ekki nein á framangreindum landfræðilegum mörkuðum á áðurnefndum undirmörkuðum dagvörumarkaðar. Á Fáskrúðsfirði er að finna Kjörbúð sem rekin er af Samkaupum ásamt eldsneytisstöð frá Orkunni en líkt og áður hefur komið fram er verslun sem staðsett er við eldsneytisstöðin sjálfstætt rekin.

7.2 Aðgangshindranir og markaðsaðgangur

119. Verslunin Costco hóf starfsemi sína árið 2017 í Kaptúni í Garðabæ og hefur haft töluverð áhrif á dagvörumarkað.⁶⁵ Costco veitir lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum einkum samkeppnislegt aðhald.⁶⁶ Verslunin Kostur opnaði fyrir tæpum fimm árum, upphaflega á netinu en er nú til húsa í Miðhrauni í Garðabæ auk þess að selja dagvörur á netinu. Þá hafa þægindavöruverslanir á borð við Corner Market og Euro & Mini Market gert sig gildandi á dagvörumarkaði í miðborg Reykjavíkur, sem og á Suðurnesjum.
120. Eins og áður hefur komið fram hefur netverslun á dagvörumarkaði aukist gríðarlega sl. ár. Covid faraldurinn hraðaði þessari þróun en samrunaaðilar telja þó að enn sem komið er nemi netverslun einungis 1-2% af heildarveltu dagvöruverslana. Krónan rekur öflugna netverslun og býður upp á endurgjaldslaugar heimsendingar ef verslað er fyrir 19.900 krónur eða meira. Vefsíðan Aha.is hefur t.a.m. boðið upp á heimsendingar á matvöru, þar sem vörur eru almennt keyptar í Bónus og seldar í gegnum Aha.is. Þá hafa fyrirtæki á borð við Eldum rétt og Eldabúskan gert sig gildandi í sölu á samsettum matarpökkum.⁶⁷ Krónan býður þar að auki upp á fullleldaða og tilbúna rétti frá fyrirtækinu Matseðli, sem hægt er að kaupa á netinu, og þarf aðeins að hita. Samrunaaðilar telja að gera megir ráð fyrir auknum vexti í netverslun á komandi árum, á dagvörumarkaði og tengdum mörkuðum.
121. Samrunaaðilum er ekki kunnugt um að innkoma tiltekinna fyrirtækja, erlendra eða innlendra, á dagvörumarkað sé í nánd en með tilliti til inngöngu aðila á borð við Costco, og þess að lagalegar aðgangshindranir séu litlar inn á dagvörumarkað, telja samrunaaðilar ekki ólíklegt að nýjar verslanir hasli sér völl á markaðnum í náinni framtíð. Sem dæmi hafa rekstraraðilar Euro Market nýlega opnað sína fimmtu matvöruverslun.⁶⁸
122. Heimkaup, nú Samkaup, setti verslunina Prís á laggirnar í ágúst 2024 eins og áður greinir. Það er mjög kostnaðarsamt að setja upp verslun af þessari stærð, auk þess sem Heimkaup hafa mætt aðgangshindrunum frá birgjum, sem virðast vilja viðhalda núverandi ástandi á markaði með tveimur vaxandi turnum. Slíkt getur að sjálfsögðu hindrað innkomu aðila sem eru ekki með þeim mun fjársterkara bakland.
123. Samrunaaðilar telja aðgangshindranir inn á dagvörumarkað almennt séð ekki miklar, ef litið er hlutlægt á markaðinn. Það er tiltölulega einfalt að afla sér starfsleyfis frá viðkomandi

⁶⁵ <https://www.visir.is/g/2017894312d/buid-ad-akveda-hvenaer-costco-opnar-i-kaupuni>

⁶⁶ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

⁶⁷ Tekið skal fram að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, taldi Samkeppniseftirlitið að Hagar og Eldum rétt gætu hvorki talist nánir né mikilvægir keppinautar í skilningi samkeppnisréttarins, óháð því hvort litið yrði á sölu matarpakka sem hluta af hinum hefðbundna dagvörumarkaði eður ei.

⁶⁸ Sjá frétt á vef RÚV: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-10-polskar-vorur-i-nyrri-matvoruverslun-i-vogunum>

heilbrigðisnefnd og reksturinn er þess eðlis að hann er ekki tæknilega flókin eða háður takmarkaðri auðlind eða aðfangi. Markaðsaðgangur takmarkast ekki af einkaleyfum eða hugverkarétti og þá hafa aðilar almennt aðgang að þeim birgjum sem þeir kjósa, sbr. þó að teknu tilliti til betri kjara sem stærri keppinautum bjóðast á grundvelli stærðarhagkvæmni. Vörumerkjatryggð hefur þó ákveðinn fælingarmátt, auk þess sem tekið skal fram að opin aðgangur að birgjum jafngildir ekki jöfnum kjörum fyrir viðskiptavinum þeirra miðað við reynslu samrunaaðila. Kjör birgja taka mið af innkaupum viðkomandi og eru því óhagstæðari fyrir smærri aðila heldur en stærri. Aðgangshindranir velja því á því hver í hlut á, t.d. ef aðili sem hefur þegar sterk birgjasambönd erlendis hygðist hefja starfsemi á Íslandi, yrði innkoma aðilans á markaðinn auðveldari vegna ákjósanlegra sambanda við birgja.

124. Þá telja samrunaaðilar að erfitt geti verið að finna hentugar staðsetningar, sem er þó mismunandi eru eftir dagvöruverslunum til dæmis vegna stærðar, en t.a.m. er erfiðara að finna staðsetningar í sumum hverfum á höfuðborgarsvæðinu en öðrum, og hið sama getur gilt um landsbyggðina. Á móti kemur að þægindavöruverslanir hafa opnað í auknum mæli í miðborg Reykjavíkur á síðustu misserum og gera má ráð fyrir að ekki muni draga úr þeirri þróun, m.a. vegna fólksfjölgunar og fjölgunar ferðamanna á síðustu árum. Nýjar verslanir hafa einnig skotið upp kollinum á mörkuðum fyrir utan höfuðborgarsvæðið með tilheyrandi samkeppnislegu aðhaldi fyrir aðra aðila á staðbundnum mörkuðum.⁶⁹
125. Samrunaaðilar telja hins vegar ljóst að nokkurn tíma geti tekið að hasla sér völl á markaðinum, og með þeim hætti að fjárfestingin skili tilætluðum árangri. Í einhverjum tilvikum hefur nýjum fyrirtækjum reynst erfitt að ná fótfestu á dagvörumarkaði en takmarkaður áhugi nýrra aðila fyrir innkomu á markaðinn hefur einnig verið talinn hafa áhrif.⁷⁰ Mögulegar aðgangshindranir felast því fyrst og fremst í aðgengi að fjármagni en nokkur stofnkostnaður getur verið við opnun verslunar. Kostnaðurinn felst fyrst og fremst í almennri fjármögnun, húsnæðiskostnaði, kaupum á aðföngum og auglýsingum. Að sama skapi geta hentugar staðsetningar fyrir dagvöruverslanir verið takmarkaðar, sem haft getur áhrif á getu til að opna ákjósanlegar verslanir.
126. Turnarnir tveir á dagvörumarkaði eru mjög fjársterkir saman borið við önnur smærri félög og senda skilaboð til hugsanlegra keppinauta með gríðarlegum fjárfestingum í verslunum víðsvegar um landið. Eins og fram kom í fyrri umfjöllun hafa turnarnir tveir nýtt fjárhagslegan styrk í áframhaldandi sókn með mun hærri fjárfestingarútgjöldum síðustu ár miðað við keppinauta og fjölgað verslunum þrátt fyrir að mjög skammt sé á milli verslana. Hagar hafa lengi verið með hæstu heildartekjurnar en Festi með meiri eignir og eigið fé en Hagar. Heildartekjur, eignir og eigið fé annarra aðila á dagvörumarkaði er mun lægra. Samkeppniseftirlitið hefur talið fjárhagslegan styrkleika Haga og Festi áþekkan en styrk annarra félaga umtalsvert minni.⁷¹ Að sjálfsögðu felst ákveðin aðgangshindrun í þessari staðreynd og telja samrunaaðilar nauðsynlegt að ná aukinni stærðarhagkvæmni til að geta jafnað leikinn á dagvörumarkaði og koma þannig í veg fyrir að aðgangshindranirnar aukist.
127. Þannig telja samrunaaðilar að talsverðar hindranir geti verið á markaðinn í þeim skilningi að

⁶⁹ Ný verslun opnaði nýlega í Búðardal: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-12-12-ny-verslun-opnar-i-budardal-398902> og þá opnaði verslunin Vogus í Vogum á Vatnsleysuströnd árið 2023: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-10-polskar-vorur-i-nyrri-matvoruverslun-i-vogunum>

⁷⁰ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa hf. á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

⁷¹ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt hf.*

nýjum aðilum er í ákveðnum tilvikum gert erfitt fyrir að stækka og auka hlutdeild sína á markaðinum.

128. Að öðru leyti telja samrunaaðilar leyfisveitingar eða önnur höft ekki hafa teljandi áhrif í tengslum við aðgangshindranir enda felast t.d. tiltölulega almenn skilyrði í starfsleyfum heilbrigðisnefnda, reksturinn er ekki háður einkaleyfum og svo áfram mætti telja. Það fer því aðeins eftir því hver á í hlut, og með hvers konar verslun, hvort aðgangshindranir séu minni- eða meiriháttar.
129. Ef litið er til hugsanlegra aðgangshindrana á öðrum mögulegum mörkuðum málsins er rekstur eldsneytisstöðva t.d. háður tilteknum leyfum frá hinu opinbera og gerð er krafa um lyfsöluleyfi til handa apótekum. Lyfjastofnun gefur út lyfsöluleyfi, og rekstrarleyfi ef við á, þegar tiltekin skilyrði hafa verið uppfyllt í samræmi við reglugerð um lyfjasöluleyfi og lyfjabúðir nr. 1340/2022.

7.3 Áhrif á neytendur og milliliði

130. Samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa jákvæð áhrif á neytendur og milliliði. Án virkrar samkeppni á dagvörumarkaði eru meiri líkur á því að vöruverð haldist hátt auk þess sem hvati til að veita góða þjónustu minnkar, og viljinn til auka vöruúrval dregst saman. Samrunaaðilar eru ekki jafnstærkir aðilar einir og sér og rekstur verslana með dagvöru, til dæmis í fámennum byggðarlögum, hefur verið mjög krefjandi í núverandi umhverfi. Hægt væri að samnýta innviði samrunaaðila með mismunandi hætti, t.d. með dagvörusölu á eldsneytisstöðvum Orkunnar úti á landi eða með því að hækka þjónustustig til viðskiptavina við afgreiðslu á lyfjum. Þannig gæti aukin samlegð skapað tækifæri í þróun á vöruframboði til hagsbóta fyrir neytendur að mati samrunaaðila.
131. Að mati samrunaaðila sést t.a.m. glögglega að mikil fjárfesting Festi og Haga ásamt sterku sjóðstreymi úr sölu á heildareldsneytismarkaði hafi jákvæð áhrif á dagvörusölu viðkomandi fyrirtækja og hafi m.a. leitt til þess að útsöluverð hafi hækkað minna en innkaupsverð á dagvörumarkaði í rekstri félaganna. Með auknu sjóðstreymi Orkunnar í starfsemi samstæðunnar myndi dagvörureksturinn standa styrkari stoðum. Þannig væru samrunaaðilar enn betur í stakk búnir til að gera atögu að því að brjóta upp það samkeppnismynstur sem er við lýði á dagvörumarkaði í dag, með sterkum keppinaut, sem skilar sér í betra verði og vöruúrvali fyrir neytendur.
132. Eftir samruna N1 og Festi hafa ítök félaganna gagnvart birgjum, og þar með þjónustuframboð til viðskiptavina, aukist. Nú, þegar Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt samruna Festi og Lyfju, má gera ráð fyrir því að ekki muni draga úr slíkum áhrifum.⁷² Að sama skapi eru Olís og Hagar undir einum og sama hatti. Samrunaaðilar leggja hér einnig áherslu á að Hagar reki heildverslanirnar Stórkaup og Banana, auk dreifingamiðstöðvarinnar Aðfanga, og að Festi reki Bakkann vöruhótel. Með samruna samrunaaðila skapast aukin geta til að mæta framangreindri þróun, með auknu samkeppnislegu aðhaldi, enda hefur sterkara afl meiri getu til að bæta þjónustu og auka skilvirkni í rekstri, sem að lokum skilar sér til neytenda í bættu vöruúrvali og betri verðum. Stærðarhagkvæmni leiðir til betri kjara hjá lánastofnunum, sem ýtir undir frekari uppbyggingu og kemur í veg fyrir að samrunaaðilar gætu þurft að draga saman seglin í erfiðu rekstrarumhverfi.
133. Samrunaaðilar hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ná fram hagsbótum í rekstri á dagvörumarkaði með öðrum hætti en með samruna samrunaaðila. Samruni beggja aðila rennir styrkari stoðum

⁷² Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 32/2024, *Kaup Festi hf. á Lyfju hf.*

undir rekstur samrunaaðila þar sem breidd eykst og myndar enn frekari samlegðaráhrif og aukna stærðarhagkvæmni. Að mati samrunaaðila mun það að hafa þrjá sterka aðila á dagvörumarkaði draga úr líkum á skaðlegum samstilltum áhrifum, enda veitir sterkur þriðji aðili meira aðhald og eykur samkeppnislegan þrýsting, saman borið við smærri einingar á dagvörumarkaði, þó þær geti einnig haft sitt að segja, líkt og Prís hefur gert frá innkomu.

134. Þrátt fyrir að netverslun hafi vaxið mjög á síðustu árum eru stórar áskoranir framundan varðandi arðsemi innan sviðsins. [...] ⁷³ Verslanir sem þjónusta hvort tveggja staðbundna verslun og netverslun, og þar með samnýta starfsfólk og húsnæði á báðum sviðum, er ótvírætt skilvirkari en aðilar sem reka einungis netverslun. Með auknum afköstum og vöruflæði skapast betra svigrúm til afgreiðslu á meira magni sem sagt hefur verið skipta sköpum til að unnt sé að ná einhverri arðsemi innan netverslunar. ⁷⁴ Krónan hefur ráðist í miklar fjárfestingar í netverslun og tengdum tæknilausnum, sbr. umfjöllun að framan, og augljóst verður að telja að slíkir möguleikar skapist með aukinni samnýtingu innviða. Með nýtingu innviða samrunaaðila, sem þegar eru til staðar, má auka þróunarvinnu í netlausnum sem leiðir til aukinnar og betri þjónustu fyrir neytendur.
135. [...] ⁷⁵ [...] ⁷⁶ en ljóst er að rekstur dagvöruverslana á landsbyggðinni getur verið erfiðleikum háður. [...] ⁷⁷
136. Krónan er farin að bjóða upp á heimsendingar í smærri byggðarlög á Norðurlandi eystra, þar sem pantanir eru teknar saman í verslun Krónunnar á Akureyri og heimsending er endurgjaldslaus á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði ef verslað er fyrir 19.900 kr. eða meira. Opnað var fyrir netpantanir á Húsavík í upphafi árs 2024. ⁷⁸ Þá hóf Krónan nýlega heimsendingu á vörum á Austfjörðum, n.t.t. í Neskaupstað og á Eski-, Reyðar- og Fáskrúðsfirði og á Suðurlandi eins og áður hefur komið fram. [...] ⁷⁹ Samrunaaðilar telja ljóst að fyrirhugaður samruni auki líkur á því að samrunaaðilar geti áfram þjónustað landsbyggðina, auk þess sem mögulegt verður að auka vöruframboð með hagkvæmari innkaupum og betri samningum við birgja. Töluverð tækifæri eru í samnýtingu á rekstrarkostnaði [...] ⁸⁰ Núverandi staðsetningar auðvelda samrunaaðilum að þjónusta landið allt með hagkvæmari hætti en gert er í dag, [...] ⁸¹

7.3.1 Niðurlag

137. Samrunaaðilar starfa ekki á sömu mörkuðum og því er samruni þeirra svokallaður samsteypusamruni. Samrunaaðilar telja að samruninn sé ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á markaðsgerð þeirra markaða þar sem áhrifa hans kann að gæta, enda verður ekki skörun á dagvörumarkaði í heild ef að fyrirhuguðum samruna verður. Þá telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki hafa í för með sér útilokunaráhrif, heldur verði samrunaaðilar þvert á móti

⁷³ Trúnaðarmál.

⁷⁴ Dnr. 361/2021, *Dagab Inköp & Logistik AB/Axfood Investering och Utveckling AB*, mgr. 184.

⁷⁵ Trúnaðarmál.

⁷⁶ Trúnaðarmál.

⁷⁷ Trúnaðarmál.

⁷⁸ Sjá nánar á vef Krónunnar: <https://kronan.is/frettir/kronan-eykur-thjonustu-a-nordurlandi-eystra>

⁷⁹ Trúnaðarmál.

⁸⁰ Trúnaðarmál.

⁸¹ Trúnaðarmál.

mun betur í stakk búnir til að veita turnunum tveimur samkeppnislegt aðhald með auknu sjóðstreymi úr Orkunni og fleiri staðsetningum víðsvegar um landið.

138. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um starfsemi samrunaaðila telja samrunaaðilar að fyrirhugaður samruni muni ekki hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða að fyrirhuguð viðskipti verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þannig er það mat samrunaaðila að fyrirhuguð kaup Orkunnar feli ekki í sér samkeppnislega samþjöppun sem hafi skaðleg áhrif á samkeppni á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans kann að gæta. Samrunaaðilar telja því að ekki séu forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins vegna viðskiptanna.

8 HEIMILD TIL STYTTRI TILKYNNINGAR

139. Í ákvæði a-liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga kemur fram að heimilt sé að tilkynna Samkeppniseftirlitinu um samruna með styttri tilkynningu þegar þeir markaðir þar sem áhrifa samrunans gætir eru ekki tengdir. Eins og að framan greinir telja samrunaaðilar að þetta skilyrði sé uppfyllt, þar sem um samsteypusamruna er að ræða.

9 FYLGISKJÖL

Samrunaskrá þessari fylgja neðangreind skjöl:

1. Samrunaskjöl

- a. [...] ⁸²;
- b. [...] ⁸³;
- c. [...] ⁸⁴;
- d. [...] ⁸⁵
- e. [...] ⁸⁶;
- f. [...] ⁸⁷;
- g. [...] ⁸⁸

2. Ársreikningar

- a. Ársreikningur Samkaupa árið 2023;
- b. Ársreikningur Samkaupa árið 2024;
- c. Ársreikningur SKEL árið 2023;
- d. Ársreikningur SKEL árið 2024;
- e. Ársreikningur Atlögu árið 2023;
- f. Ársreikningur Atlögu árið 2024;
- g. Ársreikningur Prís árið 2022;
- h. Ársreikningur Prís árið 2023;
- i. Ársreikningur Heimkaupa árið 2022;
- j. Ársreikningur Heimkaupa árið 2023;
- k. Ársreikningur HjemmeKøb Aps, Danmörk, árið 2022;
- l. Ársreikningur HjemmeKøb Aps, Danmörk, árið 2023;
- m. Ársreikningur Orkunnar árið 2023;

⁸² Trúnaðarmál.

⁸³ Trúnaðarmál.

⁸⁴ Trúnaðarmál.

⁸⁵ Trúnaðarmál.

⁸⁶ Trúnaðarmál.

⁸⁷ Trúnaðarmál.

⁸⁸ Trúnaðarmál.

- n. Ársreikningur Orkunnar árið 2024;
 - o. Ársreikningur Lyfjavalis árið 2023;
 - p. Ársreikningur Lyfjavalis árið 2024;
 - q. Ársreikningur Löðurs árið 2022;
 - r. Ársreikningur Löðurs árið 2023;
 - s. Ársreikningur Vegsauka árið 2022;
 - t. Ársreikningur Vegsauka árið 2023;
 - u. Ársreikningur Blær - Íslenska vetnisfélagið árið 2022;
 - v. Ársreikningur Blær - Íslenska vetnisfélagið árið 2023;
 - w. Ársreikningur Eldum Gott árið 2023
 - x. Ársreikningur Clippers árið 2023
 - y. Ársreikningur Clippers árið 2024
 - z. Ársreikningur Straumlindar árið 2022
 - aa. Ársreikningur Straumlindar árið 2023
 - bb. Ársreikningur Brauð og Co. árið 2023
 - cc. Ársreikningur Brauð og Co. árið 2024
 - dd. Ársreikningur EBK árið 2023
 - ee. Ársreikningur EBK árið 2024
 - ff. Ársreikningur Stork árið 2023
3. [...] ⁸⁹;
 4. [...] ⁹⁰;
 5. [...] ⁹¹;
 6. Umboð til handa BBA//Fjeldco;
 7. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjöllum án trúnaðarupplýsinga;
 8. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjöllum á stafrænu læsilegu formi; og
 9. Afrit af kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds.

⁸⁹ Trúnaðarmál.

⁹⁰ Trúnaðarmál.

⁹¹ Trúnaðarmál.

10 YFIRLÝSING

Undirritaður lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

Virðingarfyllt,

f.h. samrunaaðila

Brynjar Freyr Garðarsson, lögmaður